Alþingi
Nefndarsvið
Smiðju v. Tjarnargötu
101 Reykjavík

Reykjavík 10. febrúar 2026
Tilvísun: M202601-0054

Efni: Umsögn ASÍ um frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.), mál nr. 312.

ASÍ hefur tekið til umsagnar frumvarp um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsúrræði sem fela í sér verulegar skerðingar á réttindum í atvinnuleysistryggingarkerfinu og breytingar á stjórnsýslu atvinnuleysistrygginga. Þær veigamestu eru annars vegar stytting bótatímabils úr 30 mánuðum í 18 mánuði og hins vegar að ávinnslutími réttinda lengist úr þremur mánuðum í 12 mánuði. Stjórnvöld hyggjast þannig spara 6 milljarða króna á ársgrundvelli með því að skerða afkomutryggingu launafólks sem missir atvinnuna.

Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn fyrirhuguðum breytingum og mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru við undirbúning málsins. Verði þær að lögum munu þær **veikja tryggingavernd við atvinnumissi, vinna gegn virkni á vinnumarkaði og auka líkur á að brothættir hópar falli brott af vinnumarkaði**. Áformin verða enn áleitnari í ljósi þess að blikur eru nú á lofti í efnahagslífi og horfur á versnandi atvinnuástandi.

Frumvarpið er lagt fram á Alþingi í fullri andstöðu við afstöðu Alþýðusambands Íslands sem legið hefur ljós fyrir frá því hugmyndirnar voru fyrst kynntar af þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra vorið 2025. ASÍ hefur síðan ítrekað afstöðu sína við fjölda tilefna m.a. á fundum með forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar, í harðorða umsögnum um áform og frumvarpsdrög í Samráðsgátt, ályktun miðstjórnar ASÍ sem og í blaðagreinum og opinberri umræðu. **Stjórnvöld hafa í þessu grundvallar réttindamáli vinnandi fólks, hins vegar valið að virða athugasemdir verkalýðshreyfingarinnar um efni og aðdraganda málsins að vettugi**. Ekki er minnst einu orði í umfjöllun um samráð í greinagerð frumvarpsins á gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar um málið.

Aðdragandi málsins og vinnubrögð við það ganga þvert gegn áratuga venju á íslenskum vinnumarkaði um þríhliða samtal aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda í málum er varða vinnumarkaðinn og réttindi launafólks miklu. **Málið er verulega vanreifað og engar greiningar liggja fyrir** sem styðja nauðsyn þeirra eða leggja mat á áhrif breytinganna á einstaklinga, einstaka

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

atvinnugreinar, önnur afkomutryggingakerfi eða efnahagslífið í heild til skemmri og lengri tíma.

Tillögurnar eru fyrst og fremst settar fram í sparnaðarskyni en þeim fylgja **engar greiningar** sem rökstyðja breytingarnar eða mat á áhrifum þeirra á önnur kerfi. Því er alls óljóst hverjar afleiðingar breytinganna verða og hvort þær leiði í reynd til hagræðingar. Líkur eru á að skert réttindi í atvinnuleysitryggingakerfinu leiði til þess að fólk færist yfir í önnur afkomutryggingakerfi ss. fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og örorkulífeyriskerfið með tilheyrandi rofi á tengslum við vinnumarkaðinn og vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofunnar.

Þá ber að hafa í huga, að atvinnuleysistryggingar eru fjármagnaðar með gjaldtöku á atvinnurekendur í gegnum tryggingagjald. Verkalýðshreyfingin hefur í gegnum árin samið um þessa tryggingavernd í þríhliða samráði og tekið tillit til gjaldsins í kjaraviðræðum. Stytting bótatímabilsins og lengri ávinnslutími mun draga úr þörf fyrir gjaldtöku vegna minni tryggingaverndar en vekur þess í stað kröfu og rétt til hækkunar launa til samræmis við þær fórnir sem færðar hafa verið vegna þessarar ákvörðunar stjórnvalda.

Lenging á ávinnslutíma tryggingarverndar í 12 mánuði mun einkum bitna á hópum sem starfa í sveiflukenndum atvinnugreinum, ungu fólki sem er að fóta sig á vinnumarkaði og þeim sem útsett eru fyrir brotum á vinnumarkaði sem munu síður geta losað sig úr aðstæðum vegna skorts á afkomutryggingu.

Atvinnuþátttaka allra hópa hér á landi er ein sú mesta sem þekkist á alþjóðavísu og atvinnuleysi að jafnaði með minnsta móti, þar með talið langtímaatvinnuleysi. Ekki er því að sjá knýjandi þörf fyrir breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu sem skerða afkomutryggingu launafólks. Markmið breytinganna er samkvæmt frumvarpinu að stuðla að aukinni virkni en með öllu er óljóst hvernig ná skuli því markmiði með því einu að skerða réttindi og afkomuöryggi. **Framlög til virkra vinnumarkaðsaðgerða eru með þeim lægstu sem um getur hér á landi í alþjóðlegum samanburði og frumvarpinu fylgja engin áform um breytingar þar á.**

Líkt og framan greinir er nokkuð langur aðdragandi að því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Áformin voru fyrst sett fram í fjármálaætlun ríkisstjórnarinnar síðastliðið vor og lýsti ASÍ þá þegar harðri andstöðu og mótmælti þeim.[1] Í byrjun september sl. var svo birt í Samráðsgátt stjórnvalda svokallað áformaskjal þar sem fram kom nánari útfærsla á fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um skerðingu réttinda í atvinnuleysistryggingakerfinu. Að því tilefni ritaði undirritaður grein í félagi við formann BSRB sem bar fyrirsögnina *Sparnaðartillögur á kostnað atvinnulausra* (sjá fylgiskjal 1) og í framhaldinu ályktaði miðstjórnar ASÍ um málið (sjá fylgiskjal 2) á fundi sínum 17. september 2025 þar sem segir m.a.:

> *„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) mótmælir harðlega þeim áformum stjórnvalda að skerða atvinnuleysistryggingar og skorar á ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur að láta aðra en atvinnulausa greiða fyrir sparnaðartillögur ríkisstjórnarinnar.*
>
> ...
>
> *Atvinnuleysistryggingar eru einn af hornsteinum afkomuverndar launafólks. Atvinnuleysistryggingum var upphaflega komið á fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar eftir mikil átök og langt verkfall um miðbik síðustu aldar. Alla tíð síðan hefur verið viðurkennt að ekki yrði hróflað við þeim grundvallarréttindum nema í breiðri sátt við verkalýðshreyfinguna. Hagsmunir*

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

launafólks eru miklir og kerfið órjúfanlegur hluti af grunngerð sveigjanlegs vinnumarkaðar hér á landi. Ríkisstjórnin hefur nú vikið harkalega af þessari braut með áformum um styttingu bótatímabils atvinnuleysistrygginga um 12 mánuði auk umtalsverðrar þrengingar á ávinnslurétti tryggingarinnar."

Þrátt fyrir varnaðarorð og ígrundaða gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar á áformin og þau vinnubrögð sem viðhöfð eru af hálfu ráðuneytisins í málinu völdu stjórnvöld áfram að hundsa eðlilega kröfu samtaka launafólks um aðkomu og vönduð vinnubrögð þegar gerðar eru breytingar á grunnréttindum félagsmanna og hafa nú lagt fram frumvarpið í óbreyttri mynd.

ASÍ áréttar hér enn og aftur kröfu sína um að **frumvarpið verði dregið til baka og sameiginlegri nefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu sem verið hefur starfandi síðustu ár sé gefin kostur á að ljúka vinnu sinni** og leggja fram heildstæðar breytingatillögur á kerfinu sem tryggi jafnvægi á milli tryggingaverndar við atvinnumissi og stuðnings í formi vinnumarkaðsaðgerða og aðstoðar í atvinnuleit.

Nánari greining:

Atvinnuþátttaka sú mesta og atvinnuleysi lítið í alþjóðlegu samhengi

Í alþjóðlegum samanburði er atvinnuþáttaka sú hæsta sem um getur og mælist hún hæst á meðal OECD ríkja. Skýrist þetta einkum af almennt mikilli atvinnuþátttöku kvenna sem og mikilli atvinnuþátttöku bæði ungmenna, eldri aldurshópa og innflytjenda.

Árið 2024 mældist þátttaka fólks á aldrinum 15–64 ára tæplega 89% hér á landi, samanborið við 75,4% að meðaltali í Evrópusambandinu og 74% innan OECD. Ísland er þar í efsta sæti meðal OECD-ríkja, með Holland, Sviss, Svíþjóð, Eistland og Japan í kjölfarið, öll með þátttöku yfir 80%[2]. Þegar litið er lengra aftur í tímann má sjá að atvinnuþáttaka hefur verið meiri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Þrátt fyrir sveiflur í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og heimsfaraldursins 2020 hefur atvinnuþátttaka jafnan náð sér hratt aftur og verið meiri en í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

Mynd 1: Atvinnuþátttaka í alþjóðlegum samanburði, 2024 (15-64 ára)



Heimild: OECD

Mikil atvinnuþátttaka og lágt atvinnuleysi má ekki taka sem sjálfgefnum hlut. Virkni á vinnumarkaði ræðst af samspili margra þátta. Kerfislægir þættir og stofnanaumhverfi leika lykilhlutverk í að stuðla að atvinnuþátttöku, sérstaklega meðal viðkvæmra hópa. Þar skiptir fyrirkomulag atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsúrræða miklu máli.

Atvinnuleysi mælist einnig lítið í alþjóðlegum samanburði, langt undir OECD meðaltali og minna en á hinum Norðurlöndunum. Samkvæmt gögnum Eurostat er langtímaatvinnuleysi það lægsta á Íslandi meðal Evrópuríkja. Alls hafa 12,1% atvinnulausra verið án atvinnu í meira en eitt ár borið saman við 32,2% innan Evrópusambandsins.

Mynd 2: Hlutfall langtímaatvinnulausra af fjölda atvinnulausra, 2024.



Heimild: Eurostat

Um 63% atvinnulausra eru með erlent ríkisfang. Hlutfallið hefur sveiflast nokkuð í kjölfar heimsfaraldurs en skömmu eftir hann voru Íslendingar stærri hluti atvinnulausra. Frá þeim tíma hefur hlutur erlendra ríkisborgara vaxið af heild. Vinnumálastofnun áætlar að atvinnuleysi erlendra ríkisborgara sé 10,6% samanborið við 2,7% meðal Íslendinga. Sé samsetning langtímaatvinnulausra skoðað eftir bakgrunni mælist tíðni langtímaatvinnuleysis sambærileg milli hópa. Af atvinnulausum Íslendingum hefur tæplega fimmtungur verið án atvinnu lengur en eitt ár, eða 18,6%. Hlutfallið er um 20,8% hjá erlendum ríkisborgurum. Sé litið á þá sem hafa verið án atvinnu lengur en 24 mánuði er hlutfallið sambærilegt.

Mynd 3: Hlutfall langtímaatvinnulausra eftir bakgrunni, ágúst 2025



Heimild: Vinnumálastofnun

Framangreind tölfræði hlýtur að kalla á áleitnar spurningar um hvers vegna stjórnvöld telja nauðsynlegt að gera umfangsmiklar breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu. Ljóst er að samspil atvinnuþátttöku, afkomutryggingarkerfa og lífsgæða almennt er flóknara en svo að hægt sé að gera stórar breytingar á einstökum þáttum án þess að það hafi áhrif á aðra þætti. **Því telur ASÍ mjög ámælisvert að í frumvarpinu er ekki að finna neina viðleitni til raunverulegs áhrifamats. Breytingarnar eru kynntar og rökstuddar sem hagræðingaraðgerð sem geti sparað ríkissjóði um 3,5–6 milljarða króna á ári.** Alls er óljóst hvort sparnaðurinn náist í raun. Á móti geta breytingarnar ýtt undir kerfislægt atvinnuleysi, aukið brotfall af vinnumarkaði, kallað á aukin útgjöld sveitarfélaga eða leitt til aukinnar endurkomu á atvinnuleysisskrá og aukið örorkutíðni. Ekki er heldur ljóst hvernig stytting bótatímabils ein og sér eigi að stuðla að aukinni virkni atvinnuleitenda þar sem engin áform hafa t.a.m. verið kynnt um aukið fjármagn til virkra vinnumarkaðsaðgerða og eflingu á þjónustu Vinnumálastofnunar við atvinnuleitendur.

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

Samhengislaus samanburður við nágrannalöndin

Í frumvarpinu eru tilraunir gerðar til að rökstyðja áformin með vísan í norrænan samanburð á bótatímabilum. Þessi röksemdafærsla er samhengislaus og segir einungis hálfa söguna. Nauðsynlegt að horfa heildstætt á réttindi og stuðningskerfi vinnumarkaðarins í þeim efnum. Atvinnuleysistryggingakerfin á Norðurlöndum eru ólík, byggjast að hluta á valkvæðum tryggingum en verður einnig að skoða í samhengi við önnur kerfi sem mæta einstaklingum við afkomumissi, t.d. áhrif skattkerfis og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga. Slíkur samanburður leiðir í ljós að einstaklingur sem er án atvinnu í 36 mánuði er betur varinn gegn afkomumissi í Svíþjóð, þrátt fyrir styttra bótatímabil atvinnuleysistrygginga.

Mynd 4: Tekjuvernd gegn atvinnumissi hjá ólíkum fjölskyldueiningum með 67% af meðaltekjum, % af fyrri tekjum



Heimild: OECD[3]

Til viðbótar er þekkt að í mörgum samanburðarlöndum er mun ríkari ráðningarvernd, lengri uppsagnarfrestur o.s.frv. en þekkist hér á landi. Íslenskur vinnumarkaður einkennist almennt af sveigjanleika og frjálsræði sem undirbyggt er af öryggisneti eins og sterkum almennum atvinnuleysistryggingum sem fjármagnaðar eru með tryggingagjaldi. Þessi sveigjanleiki hefur almennt þótt kostur þar sem hann eykur getu hagkerfisins til að mæta efnahagslegum áföllum. **Boði stjórnvöld einhliða grundvallarbreytingar á því kerfi er ljóst að verkalýðshreyfingin mun þurfa að aðlaga kröfur sínar og áherslur í átt að þeirri festu og öryggi sem þekkist í öðrum löndum**. Heildstæður samanburður á réttindum og afkomuöryggi launafólks á norðurlöndunum leiðir alls ekki til þess að þau áform sem hér eru boðuð megi réttlæta með hliðsjón af því.

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

Lengri ávinnslutími bitnar verst á ungu fólki, árstíðarbundnum greinum og berskjölduðum hópum

Í frumvarpinu er lagt til að lengja ávinnslutíma atvinnuleysisbóta úr 3 mánuðum í 12 mánuði sem mun þýða að launafólk er án afkomutryggingar missi það starf sitt fyrsta árið eftir að það kemur inn á vinnumarkaðinn eða hefur fullnýtt rétt sinn. Tilgangur þessara breytingar er afar óljós en þessi réttindaskerðing mun einkum bitna á hópum sem starfa í sveiflukenndum atvinnugreinum, ungu fólki sem er að fóta sig á vinnumarkaði og hópum sem útsettir eru fyrir brotum á vinnumarkaði og munu síður geta losað sig úr aðstæðum vegna skorts á afkomutryggingu. Hjá starfsfólki í árstíðabundnum atvinnugreinum eins og ferðaþjónustu, mannvirkjagerð og fiskvinnslu mun reyna verulega á hert ávinnsluskilyrði **Sá sveigjanleiki í ráðningarfestu sem kjarasamningar í slíkum atvinnugreinum leyfa, m.a. með vísan í öflug afkomutryggingarkerfi eins og atvinnuleysistryggingar mun ekki geta staðið óhaggaður** verði umrædd áform að veruleika. Frumvarpið og greinagerð þess ávarpa þetta að engu leyti sem geta vart talist góð eða vönduð vinnubrögð.

Þörf á heildstæðri nálgun við breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar

Um árabil hefur ASÍ kallað eftir heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar í ljósi breytinga sem orðið hafa á vinnumarkaði frá gildistöku þeirra árið 2006. Árið 2021 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra nefnd um endurskoðun atvinnuleysistrygginga með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins sem ætlað var að skila ráðherra tillögum að lagabreytingum. ASÍ tók virkan þátt í starfi nefndarinnar og lagði fram áherslur í samræmi við stefnu og sýn sambandsins um að atvinnuleysiskerfið sé einn af hornsteinum afkomuverndar launafólks og að réttindakerfið eigi fyrst og fremst að vera uppbyggilegt, tryggja afkomu, veita ráðgjöf og stuðning við virkni og atvinnuleit vinnandi fólks. Áherslur ASÍ lúta að ýmsum veigamiklum atriðum til að bæta kerfið í samræmi við þessar áherslur og snúa m.a. að einföldun tekjuviðmiða og brottfalls tveggja vikna biðtíma eftir tekjutengdum bótum

Litill stuðningur við atvinnuleitendur og illa fjármagnaðar vinnumarkaðsaðgerðir

Þá hefur ASÍ í samræmi við markmið atvinnuleysistryggingakerfisins og laga um vinnumarkaðsaðgerðir ítrekað bent á nauðsyn þess að vinnumarkaðsúrræði séu nægilega fjármögnuð, vel hönnuð og í ákveðnum tilfellum klæðskerasniðin að tilteknum hópum. Er þar meðal annars horft til tillagna sem fram komu í skýrslunni Íslenskur vinnumarkaður 2021 þar sem bent var á mikilvægi þess að atvinnuleysistryggingakerfið þróist í átt að aukinni áherslu á virkni atvinnuleitenda. Þar skipti aukið fjármagn í vinnumarkaðsaðgerðir, snemmtæk íhlutun, aukin skimun fyrir áhættuhópum, aukin þjónusta við erlenda atvinnuleitendur og aukin áhersla á hnitmiðuð menntunar- og færniúrræði lykilmáli. Slíkar aðgerðir þjóna bæði hagsmunum einstaklinga og geta leitt til þjóðhagslegs ávinnings og sparnaðar til lengri tíma.

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

Mynd 5: Hlutfall þátttakenda í úrræðum af atvinnulausum



Heimild: Vinnumálastofnun

Í framangreindri skýrslu var bent á að einungis um þriðjungur þeirra sem voru á atvinnuleysisskrá á árunum 2016-2019 tók þátt í úrræðum Vinnumálastofnunnar. Hlutfallið var hæst á árunum eftir fjármálahrunið þegar á bilinu 50-55% atvinnulausra voru þátttakendur í úrræðum. Nýrri gögn um þátttöku í úrræðum eru ekki aðgengileg, sem vekur furðu í ljósi þeirra áforma sem hér eru til umfjöllunar, en í alþjóðlegum samanburði má sjá að Ísland er meðal þeirra landa innan OECD sem ráðstafaði hvað minnstu fjármagni til vinnumarkaðsaðgerða á árunum 2018-2023 (sjá mynd 6 að neðan). Þá liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um innihald, gæði, árangur eða þátttöku einstakra hópa í vinnumarkaðsaðgerðum sem hljóta að teljast grundvallar upplýsingar við undirbúning á tillögum líkt og þeim sem hér eru lagðar fram.

Mynd 6: Fjármunir í virkar vinnumarkaðsaðgerðir, meðaltal 2018-2023 (% af VLF)



Heimild: OECD

Dregið úr aðkomu stjórnar og afnám svæðisbundinna vinnumarkaðsráða

Í tillögum er lagt til að Atvinnuleysistryggingasjóður og stjórn hans verði aflögð til samræmis við breytt fyrirkomulag fjármögnunar atvinnuleysistrygginga. Gert er ráð fyrir að skipuð verði stjórn Vinnumálastofnunnar, með aðkomu aðila vinnumarkaðarins, sem taki að hluta til við hlutverki stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Samhliða þessu er lagt til að veikja talsvert aðkomu og umsagnarrétt stjórnar um ýmis mál er varða framkvæmd og virkni atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða. Þar á meðal verði ráðherra ekki lengur skylt að afla umsagnar stjórnar um reglugerðir sem settar eru í málaflokknum á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar og laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Engin haldbær rök eru færð fyrir þessum breytingum og telur ASÍ hér um mikla afturför að ræða sem draga muni úr samráði við aðila vinnumarkaðarins og aðkomu þeirra að eftirliti og þróun atvinnuleysistrygginga og stuðningi við atvinnuleitendur sem skipt hefur sköpun fyrir uppbyggingu og sátt um kerfið hér á landi.

Þá er í frumvarpinu lagt til að átta svæðisbundin vinnumarkaðsráð sem starfrækt eru um land allt verði lögð niður en ráðin hafa m.a. það hlutverk að fylgjast með og fjalla um atvinnuástandið á sínu svæði. Þetta er lagt til með þeim rökum að erfitt hafi reynst að halda úti starfi vinnumarkaðsráða undanfarið. Í þessu samhengi má benda á að eðlilegt má teljast á tímum þar sem atvinnuástandið er gott, líkt og verið hefur víðast hvar á undanförnum árum, sé starfsemi vinnumarkaðsráða minni en ella. Ráðin geta hins vegar haft þýðingarmikið hlutverk þegar atvinnuleysi eykst, ekki síst við að greina svæðisbundin áhrif og leggja til viðeigandi aðgerðir og stuðning við atvinnuleitendur. Það vekur athygli að ekkert samráð virðist hafa verið haft eða álits leitað um tillöguna hjá vinnumarkaðsráðum um landið en eðlilegt hefði verið að eiga við fulltrúa þeirra samráð og horfa t.a.m. til þess hvort sameina megi ráð og samhliða styrkja starf þeirra og hlutverk.

Lokaorð

Hér hafa verið rakin ýmis sjónarmið sem liggja að baki afstöðu ASÍ um að frumvarps félags- og húsnæðismálaráðherra um breytingar á atvinnuleysistryggingum og vinnumarkaðsaðgerðum séu varhugaverðar og illa ígrundaðar.

Mikil almenn atvinnuþátttaka og lágt atvinnuleysi, sem einkennt hefur íslenskan vinnumarkað, er ekki sjálfgefið en sú staða byggir ekki síst á grunni hinnar ríku hefðar sem hér hefur skapast um víðtæka aðkomu aðila vinnumarkaðarins og náið þríhliða samstarf við stjórnvöld um umgjörð og réttindakerfi vinnumarkaðarins.

Sú stefnubreyting stjórnvalda í samskiptum við aðila vinnumarkaðarins sem birtist í þessu máli er grafalvarleg að mati Alþýðusambands Íslands. Í stað samtals og samvinnu um grundvallar málefni vinnumarkaðarins er gripið til einhliða valdboða sem grafa undan réttindum launafólks og rjúfa þann félagslega sáttmála sem byggður hefur verið upp í áratugi. Slík skilaboð hafa áhrif og grafa undan mikilvægu trausti sem ríkja þarf í samskiptum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Krafa ASÍ er líkt og áður einföld. Að frumvarp þetta verði dregið til baka og nefnd stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um heildarendurskoðun atvinnuleysistrygginga verði kölluð saman að nýju.

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

Nefndinni verði falið að ljúka verki sínu og leggja fram heildstæðar tillögur um breytingar á atvinuleysistryggingakerfinu sem geti orðið grundvöllur lagabreytinga. Þannig sýni stjórnvöld í verki að þau haldi í heiðri leikreglur vinnumarkaðarins um þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda í málefnum sem varða grundvallarréttindi launafólks.

Virðingarfyllst,



Finnbjörn A. Hermannsson
Forseti ASÍ

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

Fylgiskjal 1:

Grein Finnbjörns Hermannssonar, forseta ASÍ og Sonju Þorbergsdóttur formanns BSRB, birt á Visi 9.september 2025

Sparnaðartillögur á kostnað atvinnulausra

Félags- og húsnæðismálaráðherra boðar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar þar sem til stendur að stytta bótatímabilið úr 30 mánuðum niður í 18 mánuði og herða á ávinnsluskilyrðum. Þessi áform endurspeglast einnig í frumvarpi til fjárlaga sem fjármála- og efnahagsráðherra kynnti í gær. Áætlað er að þessi skerðing á réttindum launafólks muni skila um sex milljarða króna sparnaði á ári þegar hún verður að fullu innleidd.

Atvinnuþátttaka allra hópa á Íslandi er sú mesta innan OECD og atvinnuleysi er einnig með minnsta móti, þar með talið langtímaatvinnuleysi. Ekki er því að sjá að knýjandi þörf sé á breytingum á atvinnuleysistryggingakerfinu og skerðingu á afkomutryggingu launafólks.

Markmið breytinganna er sagt vera að stuðla að aukinni virkni þeirra sem lenda í langtímaatvinnuleysi en óljóst er með öllu hvernig ná skuli því markmiði með því einu að skerða réttindi og afkomuöryggi launafólks í viðkvæmri stöðu. Réttara er að kalla breytingarnar því nafni sem þær eru, sparnaðartillögur.

Atvinnuleysistryggingar eru vernd gegn afkomumissi

Atvinnuleysistryggingar varða grundvallarakomu launafólks og veita vernd við atvinnumissi. Réttindin koma ekki sjálfkrafa heldur safnast upp í gegnum þátttöku á vinnumarkaði. Breyttur vinnumarkaður, tæknibreytingar og minni festa í ráðningarsamböndum sem draga úr afkomuöryggi launafólks minnka síður en svo þörf fyrir öflugar atvinnuleysistryggingar.

Samið var fyrst um atvinnuleysistryggingar árið 1955 í kjölfar harðra átaka og einhverra lengstu verkfalla sem verið hafa á vinnumarkaði. Í fyrstu var atvinnuleysistryggingasjóður í höndum verkalýðsfélaganna en síðar tóku stjórnvöld yfir sjóðinn og færðu undir Vinnumálastofnun sem einnig tók að sér alla umsýslu vegna hans. Þannig voru það aðilar vinnumarkaðarins sem settu kerfið á fót og hafa breytingar á því hingað til verið gerðar í samráði við þá.

Niðurskurður í dulargervi

Árið 2021 var boðuð endurskoðun á atvinnuleysistryggingalögum og í kjölfarið stofnaði þáverandi félagsmálaráðherra starfshóp sem fékk það hlutverk að endurskoða lögin. Í þeim hópi áttu sæti fulltrúar launafólks ásamt fulltrúum atvinnurekenda og stjórnvalda. Á þeim vettvangi var meðal annars rætt um lengd bótatímabilsins.

Fulltrúar launafólks í starfshópnum lögðu ríka áherslu á að setja þyrfti umræðu um lengd bótatímabilsins í samhengi við þá þjónustu og þau úrræði sem til staðar væru til að aðstoða einstaklinga að komast aftur í starf. Slíkar aðgerðir miða m.a. að því að auðvelda atvinnuleit, tryggja góðar ráðningar, efla færni og getu atvinnuleitenda og tryggja virkni þeirra. OECD hefur einnig lagt áherslu á að atvinnuleysistryggingakerfið þurfi að koma betur til móts við þarfir innflytjenda sem síður hafa tengslanet á vinnumarkaði og þar þurfi úrræði, námskeið og tungumálakennsla að vera betur

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

sniðin að þeirra þörfum.

Fyrir liggur að mun minna er lagt í virk vinnumarkaðsúrræði til að styðja við fólk í atvinnuleit hér á landi en í nágrannalöndunum og ekki er að sjá að áformuð sé stefnubreyting í þeim efnum.

Réttindi launafólks verða varin

Ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur hefur nú ákveðið að virða að vettugi starf þessarar nefndar aðila vinnumarkaðarins og einhliða ákveðið að stytta atvinnuleysisbótatímabilið og herða ávinnsluskilyrðin. Lagt er til grundvallar að fólk sem missi réttinn til atvinnuleysisbóta finni sér bara nýtt starf. Þetta lýsir hroka og miklu þekkingarleysi á stöðu þeirra einstaklinga sem missa starf sitt og eru án atvinnu til lengri tíma. Fólk sem starfar í árstíðabundnum atvinnugreinum mun lenda í vandræðum og ætla má að ásókn vinnandi fólks í þær greinar dragist enn frekar saman.

Að stjórnvöld taki einhliða ákvörðun um breytingar á grundvallarréttindum vinnandi fólks án samráðs við verkalýðshreyfinguna er nánast fordæmalaust og gengur þvert á eðlileg samskipti stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins. Íslensk verkalýðshreyfing mun ekki sitja hjá og láta þessi vinnubrögð og þá miklu réttindaskerðingu launafólks sem boðuð er óátalin.

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

Fylgiskjal 2:

Ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 17. september 2025
Ríkisstjórn Kristrúnar láti aðra en atvinnulausa fjármagna sparnaðinn

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) mótmælir harðlega þeim áformum stjórnvalda að skerða atvinnuleysistryggingar og skorar á ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur að láta aðra en atvinnulausa greiða fyrir sparnaðartillögur ríkisstjórnarinnar.

Bein réttindaskerðing er ekki hagræðing eða ráðdeild í ríkisfjármálum.

Umrædd áform bætast nú við miður ígrunduð áform ríkisstjórnarinnar um afnám jöfnunarframlags vegna örorkubyrði sem leiðir til beinnar skerðingar réttinda örorku- og ellilífeyrisþega í lífeyrissjóðum.

Atvinnulausir og aldraðir eru ekki breiðu bökin sem sanngjarnt er að beri byrðarnar af hagræðingu í ríkisrekstri.

Atvinnuleysistryggingar eru einn af hornsteinum afkomuverndar launafólks. Atvinnuleysistryggingum var upphaflega komið á fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar eftir mikil átök og langt verkfall um miðbik síðustu aldar. Alla tíð síðan hefur verið viðurkennt að ekki yrði hróflað við þeim grundvallarréttindum nema í breiðri sátt við verkalýðshreyfinguna. Hagsmunir launafólks eru miklir og kerfið órjúfanlegur hluti af grunngerð sveigjanlegs vinnumarkaðar hér á landi. Ríkisstjórnin hefur nú vikið harkalega af þessari braut með áformum um styttingu bótatímabils atvinnuleysistrygginga um 12 mánuði auk umtalsverðrar þrengingar á ávinnslurétti tryggingarinnar.

Atvinnuleysistryggingar eru hluti af réttindum sem launafólk ávinnur sér með þátttöku á vinnumarkaði. Fyrir allan þorra fólks er mikið áfall að missa atvinnuna. Réttindakerfið á því fyrst og fremst að vera uppbyggilegt, tryggja afkomu, ráðgjöf og stuðning við virkni og atvinnuleit.

Verkalýðshreyfingin er nú sem endranær reiðubúin í viðræður um umbætur á atvinnuleysistryggingakerfinu. Rétt er að minna stjórnvöld á að starfshópur umendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar skipaður fulltrúum aðila vinnumarkaðarins hefur ekki fengið tækifæri til að ljúka vinnu sinni og leggja fram tillögur eins og eðlilegt væri.

Miðstjórn ASÍ skorar á ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur að falla nú þegar frá einhliða áformum um að skerða réttindi atvinnuleitenda og sýna í verki að hér á landi sé þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda haft í heiðri.

[1] Sjá umfjöllun ASÍ í undirkaflanum *"veiking atvinnuleysistrygginga"* í umsögn ASÍ við þingmál nr. 259 og 264 á 156. löggjafarþingi
[2] Miðað er við aldurshópinn 15–64 ára í samræmi við skilgreiningu OECD, en tölur Hagstofu Íslands sem vísað hefur verið til hér að framan miða við 16–74 ára.
[3] Sjá https://stat.link/tej04v

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

Fylgiskjal 3:

Grein Finnbjörns Hermannssonar, forseta ASÍ, birt á Visi 26. janúar 2026

Samráðsleysi um atvinnuleysistryggingar er feigðarflan

Nýskipaður félagsmálaráðherra, Ragnar Þór Ingólfsson, mun á morgun, þriðjudag, mæla fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þessi ákvörðun ráðherrans veldur miklum vonbrigðum og gefur tilefni til að rifja upp grundvallarstefnu Alþýðusambands Íslands í þessum mikilvæga málaflokki – og ekki síst að gagnrýna það alvarlega samráðsleysi sem hefur einkennt undirbúning málsins.

ASÍ hefur margítrekað mótmælt þessum áformum ríkisstjórnar Kristrúnar Frostadóttur m.a. með ítarlegri umsögn sem birt var í októbermánuði í fyrra.

Frumvarpið kveður á um að bótatímabil verði stytt úr 30 mánuðum í 18 mánuði og að ávinnslutími réttinda lengist úr þremur mánuðum í 12 mánuði. Með fylgja afar óljósar og óútfærðar hugmyndir um vinnumarkaðsaðgerðir sem eru með öllu ófjármagnaðar. Það er ekki síst þetta síðastnefnda atriði sem veldur því að viðvörunarbjöllur hringja; reynsla verkalýðshreyfingarinnar af slíkum fyrirheitum stjórnvalda er í stuttu máli ekki góð. Vandræðalegar og samhengislausar tilraunir til að rökstyðja þau áform stjórnvalda að draga úr kostnaði með því að skerða einhliða réttindi launafólks eru því miður alltof kunnuglegar.

Hornsteinar velferðar

Atvinnuleysistryggingar eru einn af hornsteinum velferðarkerfisins. Þær eru ekki ölmusa heldur trygging sem launafólk greiðir af launum sínum í gegnum vinnumarkaðinn – trygging gegn tekjumissi þegar fólk missir starf sitt, oft með engum fyrirvara. Fyrir ASÍ hefur það alla tíð verið grundvallaratriði að þetta kerfi tryggi raunverulegt afkomuöryggi, styðji við virkni á vinnumarkaði og virði mannlega reisn.

Frumvarp ráðherra boðar hins vegar breytingar sem ganga þvert gegn þessum markmiðum. Með því að stytta réttindatímabil, herða skilyrði og auka óvissu fyrir þá sem missa vinnuna er verið að veikja félagslegt öryggisnet á sama tíma og vinnumarkaðurinn tekur miklum breytingum og eykur óvissu í mörgum hópum launafólks. Breytingarnar sem frumvarpið kveður á um eru í senn félagslega skaðlegar og skammsýnar í efnahagslegu tilliti.

Markvisst samráðsleysi

Auk þess sem innihald frumvarpsins er beinlínis skaðlegt er það ekki síður aðferðin sem stjórnvöld beita við vinnslu þess og framlagningu sem veldur miklum áhyggjum og er í sem stystu máli óboðleg með öllu. Verkalýðshreyfingin hefur ekki verið kölluð að borðinu með raunverulegum hætti. Það víðtæka og markvissa samráð sem eðlilegt er þegar ráðist er í breytingar á kerfi sem snertir lífskjör tugþúsunda heimila hefur ekki farið fram. Þetta er sérstaklega ámælisvert í ljósi þess að atvinnuleysistryggingar eru órjúfanlegur hluti af heildarskipan vinnumarkaðarins og félagslega samningslíkaninu sem byggir á trausti og samvinnu aðila.
ASÍ hefur ítrekað lagt áherslu á að breytingar á atvinnuleysistryggingum verði að byggja á greiningu,

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

gögnum og sameiginlegum skilningi aðila vinnumarkaðarins á markmiðum kerfisins. Slíkt samráð er ekki formsatriði – það er forsenda þess að niðurstaðan verði réttlát, skilvirk og njóti samfélagslegrar sáttar. Þegar stjórnvöld velja að fara fram hjá verkalýðshreyfingunni er markvisst grafið undan því trausti sem íslenskur vinnumarkaður hefur byggt á um áratugaskeið.
Alþýðusambandið hafnar þeirri nálgun að líta á atvinnuleysistryggingar fyrst og fremst sem útgjaldalið sem þurfi að skera niður. Þær eru fjárfesting í stöðugleika, félagslegu öryggi og virkri þátttöku fólks í atvinnulífinu. Sterkt kerfi atvinnuleysistrygginga styður við hraðari endurkomu fólks til starfa, dregur úr fátækt og minnkar líkur á langtímaatvinnuleysi.

„Illa ígrundað, gallað og gerræðislegt“

Í fyrrnefndri umsögn ASÍ var fullyrt að frumvarpið væri „illa ígrundað, gallað og gerræðislegt“. Því miður stendur sá dómur enn. Þar var einnig bent á að líkur væru til þess að frumvarpið skilaði þveröfugri niðurstöðu við þá sem stefnt væri að; skert réttindi í atvinnuleysistryggingakerfinu muni leiða til þess að fólk færist yfir í önnur afkomutryggingakerfi t.a.m. fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og örorkulífeyriskerfið með tilheyrandi rofi á tengslum við vinnumarkaðinn og vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofunnar.

Stjórnvöld virði grundvallarreglur vinnumarkaðar

ASÍ hvetur félagsmálaráðherra til að hverfa frá þessu frumvarpi og hefja raunverulegt samráð við verkalýðshreyfinguna og aðra hagaðila. Umbætur á atvinnuleysistryggingum geta verið nauðsynlegar – en þær verða að vera til bóta fyrir launafólk og samfélagið í heild, ekki til að velta kostnaði yfir á þá sem standa höllum fæti.

ASÍ bendir á, að bætur atvinnuleysistrygginga eru fjármagnaðar með gjöldum á atvinnulífið, gjöldum sem renna til atvinnuleysistryggingasjóðs í stað þess að renna í vasa launafólks sem hluti þess svigrúms sem kann að vera til kjarabóta. Einhliða breytingar á afkomutryggingum launafólks fela því í sér bein afskipti ríkisstjórnar af kjarasamningum á vinnumarkaði og munu óhjákvæmilega framkalla viðbrögð við endurskoðun og endurnýjun kjarasamninga.

Enn má velja aðra leið. En þá þurfa stjórnvöld að virða þá grundvallarreglu sem íslenskt vinnumarkaðslíkan byggir á: að stórar ákvarðanir um lífskjör fólks séu teknar í samráði, ekki einhliða.

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

Fylgiskjal 4:

Grein Finnbjörns Hermanssonar, forseta ASÍ, birt á Vísi 2. febrúar 2026

Valdboð í stað samtals – Hættulegur tíðarandi

Íslenskt samfélag hefur lengi byggt styrk sinn á samtali, samráði og gagnkvæmri virðingu á vinnumarkaði. Sú hefð hefur verið hornsteinn stöðugleika, félagslegs öryggis og trausts milli aðila. Nú blasir hins vegar við alvarleg stefnubreyting. Stjórnvöld virðast hafa ákveðið að samtal við verkalýðshreyfinguna sé ekki lengur nauðsynlegt. Í stað þess er gripið til einhliða valdboða sem grafa undan réttindum launafólks og rjúfa þann félagslega sáttmála sem byggður hefur verið upp í áratugi.
Skýrt dæmi um þennan hættulega nýja tíðaranda er frumvarp stjórnvalda um breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu. Frumvarpið felur í sér verulegar skerðingar á réttindum launafólks, eykur óöryggi og flytur ábyrgð og áhættu af samfélaginu yfir á einstaklingana sjálfa – án raunverulegs samráðs við verkalýðshreyfinguna.

Engin andstaða – pólitískur samhljómur

Þann 27. janúar mælti Ragnar Þór Ingólfsson ráðherra fyrir frumvarpinu á Alþingi. Enginn setti fram efnislega gagnrýni. Enginn spurði hver bæri byrðarnar. Enginn velti fyrir sér félagslegum afleiðingum breytinganna og enginn vakti athygli á hversu illa málið er unnið.
Eftir ræðu ráðherrans kom í pontu þingmaður Sjálfstæðisflokksins – sem minnt skal á að er í stjórnarandstöðu – og fékk vart hamið sig vegna kæti yfir því að málið væri komið fram, frumvarp sem viðkomandi lýsti yfir stuðningi við af heilum huga. Þessi uppákoma segir meira en mörg orð um þann pólitíska samhljóm sem ríkir um að ganga gegn réttindum launafólks, óháð því hvort menn sitja í ríkisstjórn eða stjórnarandstöðu.
Fyrir utan verkalýðshreyfinguna heyrðist enginn mótmæla. Sú þögn er ekki merki um styrk frumvarpsins heldur veikleika umræðunnar – og veikleika Alþingis. Sú þögn segir meira en mörg orð um augljósan skort á þinglegu aðhaldi.
Í frumvarpinu er vísað til óskýrra og óútfærðra hugmynda um svokallaðar vinnumarkaðsaðgerðir sem eiga að vega upp á móti skerðingum á réttindum launafólks. Þessar aðgerðir eru hvorki skilgreindar með skýrum hætti né studdar fjármagni. Þrátt fyrir það er lagt til að ráðist verði í róttækar kerfisbreytingar án þess að fyrir liggi trúverðug útfærsla eða heildstæð greining á félagslegum og efnahagslegum áhrifum þeirra. Þetta eru kunnugleg vinnubrögð: að fela kostnaðarlækkun á bak við einhliða skerðingu á réttindum launafólks, án rökstuðnings eða ábyrgðar.

Hvar eru fulltrúar launafólks?

Sérstaka athygli vekur að stjórnmálamenn sem kenna sig við „félagshyggju“, „jafnaðarmennsku“ og segjast jafnvel vera málsvarar „fólksins“ virðast hafa misst allan áhuga þegar kemur að því að verja grundvallarréttindi almennings. Sömu aðilar sem tala fyrir jöfnuði og félagslegu réttlæti í kosningabaráttum sitja nú annaðhvort hljóðir eða styðja beinlínis frumvarp sem felur í sér skerðingar á félagslegum réttindum.

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

Vaknar þá óhjákvæmilega spurningin: Á launafólk á Íslandi enga raunverulega fulltrúa á Alþingi? Ef svo er, hvers vegna ákveða þeir sem segjast vera það að þegja þegar mest á reynir og jafnvel að styðja þess aðför? Hvers vegna er þögnin valin í stað þess að standa vörð um almannahagsmuni og félagslegan stöðugleika?

Réttindi gerð tortryggileg

Sama hugmyndafræði birtist nú í umræðunni um veikindarétt og réttindi opinberra starfsmanna. Þar hafa atvinnurekendur og talsmenn þeirra – ekki síst innan Viðskiptaráðs, áróðursstofu íslenskrar nýfrjálshyggju, – haldið því fram að svindl og skipulögð misnotkun fái þrifist. Þessir ósönnu sleggjudómar eru látnir standa óátaldir.

Á sama tíma áforma stjórnvöld með „jafnaðarmenn“ og fulltrúa „fólksins“ í broddi fylkingar að ráðast á samningsbundin réttindi með afnámi áminningarskyldu gagnvart ríkisstarfsmönnum. Þetta eru ekki tilviljanakenndar aðgerðir heldur hluti af samfelldri og skipulagðri atlögu að réttindum launafólks. Hér er um að ræða bein og með öllu óásættanleg afskipti stjórnvalda af málefnum vinnumarkaðarins. Vitanlega þarf að leiða mál sem þetta til farsælla lykta með samráði og samningum.

Atvinnuleysistryggingar sem kerfi aga og refsingar

Atvinnuleysistryggingar eru ekki góðgerðarstarfsemi. Þær eru tryggingakerfi sem launafólk hefur sjálft greitt fyrir; byggðar á þeirri grundvallarsýn til samfélags og meðborgara að fólk eigi rétt á afkomu og reisn þegar það missir vinnuna. Að breyta atvinnuleysistryggingum í kerfi aga og refsinga sem byggir á tortryggni, skerðingum og þvingunum er bæði rangt og skammsýnt.

Slík stefna leiðir ekki til virkari vinnumarkaðar heldur aukins óöryggis og þrýstings á önnur velferðarkerfi samfélagsins.

Varðstaða um almannahagsmuni

ASÍ mun ekki sætta sig við þessa þróun. Við munum halda áfram að verja samningsbundin réttindi launafólks, krefjast raunverulegs samráðs og benda af festu á afleiðingar þeirra ákvarðana sem nú eru teknar í skjóli þagnar, samhljóms og pólitísks ábyrgðarleysis. Verkalýðshreyfingin getur ekki brugðist hlutverki sínu með því að þegja þegar ráðist er á grunnstoðir vinnumarkaðarins. Hennar pólitík er aðeins ein: að standa vörð um almannahagsmuni.

Valdboð í stað samtals er ekki leiðin fram á við – þau eru atlaga að lýðræðinu, að vinnumarkaðnum og að grundvallarréttindum launafólks. Slík stefna er ekki til farsældar fallin. Hún getur af sér sundrungu og rof á samfélagssáttmálanum.

Alþýðusamband Íslands • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 535 5600 • asi@asi.is • www. asi.is

Velferðarnefnd
Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

Umsögn send rafrænt

11. febrúar 2026

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.), 312. mál.

BHM hefur kynnt sér framangreint frumvarp félags- og húsnæðismálaráðherra. Í frumvarpinu eru lagðar til margar og sumar veigamiklar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. Það er gagnrýnivert að frumvarp af þessu tagi skuli lagt fram án samráðs við aðila vinnumarkaðarins, sem er þvert á hefðir og venjur en virðist því miður vera ásetningur ríkisstjórnarinnar. BHM hefur þegar veitt tvær umsagnir um fyrirætlanir ráðherra í samráðsgátt stjórnvalda án þess að séð verði að nokkuð tillit hafi verið tekið til þeirra. Fylgja þær umsagnir BHM þessari umsögn.

Stytting bótatímabils

Veigamesta breytingin sem lögð er til í frumvarpinu snýr að styttingu bótatímabils atvinnuleysisbóta. Markmiðið er að stytta hámarkstíma atvinnuleysisbóta úr 30 mánuðum í 18 mánuði og spara með því útgjöld að fjárhæð 6.300 milljónir króna á ársgrundvelli þegar áhrif styttingar hafa náð fram að ganga. Þessi „sparnaður“ virðist, samkvæmt frumvarpinu, ekki lenda annars staðar heldur lítur helst út fyrir að útgjaldaliðurinn muni hverfa. Út frá hagfræðilegri nálgun er afar ólíklegt að kostnaður „hverfi” í kerfinu. Líklegt er að hann smitist yfir í önnur kerfi og muni þá að líkindum koma fram hjá sveitarfélögunum í formi aukins kostnaðar við félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu.

BHM er í sjálfu sér ekki mótfallið styttingu bótatímabils en hefur lagt áherslu að á slík breyting sé hluti af stærra samhengi þar sem búið sé að greina og kortleggja ítarlega hvað tekur við hjá einstaklingum sem hafa klárað rétt sinn til atvinnuleysisbóta. Út frá hagfræðilegri stefnumótun er mikilvægt að líta á styttingu bótatímabilsins sem hluta heildstæðrar atvinnu- og vinnumarkaðsstefnu. Hafa ber í huga að stytting tímabils atvinnuleysisbóta getur aðeins skilað tilætluðum árangri, auknum hvötum til atvinnuþátttöku og lægri kostnaði, ef hún er studd af markvissri snemmtækri starfsendurhæfingu sem byggir á færnigreiningu og ráðgjöf

fyrir ólíka hópa. Ef þessa innviði vantar eykst hættan á auknu langtímaatvinnuleysi sem er kostnaðarsamt og dregur úr framleiðni til lengri tíma.

Þessu sjónarmiði kom BHM ítrekað á framfæri í nefnd um heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar sem var skipuð í upphafi árs 2021 og starfaði með hléum til 2023. Þá hætti nefndin fyrirvaralaust störfum án tilkynningar frá ráðuneytinu þar að lútandi um að starfi nefndarinnar væri lokið. Það er miður að stjórnvöld hafi ekki nýtt þau ár sem liðin eru til að bregðast við og kortleggja og greina stöðuna með ítarlegum hætti.

Á síðustu árum hefur Vinnumálastofnun unnið verulega gott starf með bættum greiningum og snemmtækri íhlutun þar sem það á við, með það að markmiði að grípa fyrr einstaklinga sem eru í áhættuhópi fyrir langtímaatvinnuleysi. Telja má víst að hægt hefði verið að afla frekari gagna og upplýsinga frá stofnuninni ef vilji hefði verið til staðar. BHM áréttar því kröfurnar sem fram komu í fyrri umsögnum um að stjórnvöld leggi fram rökstudda greiningu á áhrifum breytingarinnar og sýni jafnframt fram á að aðrar útfærslur hafi verið metnar, einkum með tilliti til stöðu viðkvæmra hópa á vinnumarkaði, t.d. eldra fólks og fólks með skerta starfsgetu.

Í greinargerð með frumvarpinu er nefnt að hvergi á hinum Norðurlöndunum sé tímabil atvinnuleysisbóta jafn langt og hér á landi. Slíkur samanburður er ófullnægjandi án þess að taka tillit til annarra stoðkerfa á Norðurlöndunum. Þar er gjarnan tekið tillit til aðstæðna þess atvinnulausa og rétturinn lengri, til að mynda þegar um er að ræða fólk 60 ára og eldra eða fólk með ung börn á framfærslu. BHM telur nauðsynlegt að stjórnvöld greini þörf á slíkum undanþágum eða sérreglum og taki rökstudda afstöðu til þessa. Að endingu má nefna að nái breytingin fram að ganga verður hámarkstímabil atvinnuleysisbóta styttra á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum.

Nám samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta

BHM fagnar því að til standi að skýra og einfalda heimildir til að stunda nám samhliða atvinnuleysistryggingum. Í því samhengi vekur BHM athygli á að Ísland er eftirbátur Norðurlandanna þegar kemur að fjárhagslegum stuðningi við námsfólk. Ein afleiðing af þessu er að í samanburði við Norðurlöndin vinnur mjög hátt hlutfall nemenda á háskólastigi með námi til að ná endum saman. Af launum þeirra eru greidd tryggingagjöld eins og af launum annarra. Þegar samdráttur verður í efnahagskerfinu og atvinnuleysi eykst þá eiga þessir einstaklingar ekki rétt á atvinnuleysisbótum nema að segja sig úr námi sem er auðvitað skrítinn hvati. Leggur BHM til að stjórnvöld skoði sérstaklega hvaða leiðir eru færar til að koma til móts

við þennan hóp. Fjárfesting í menntun er ein skilvirkasta leiðin til að draga úr langtímaatvinnuleysi og auka framleiðni.

Sjálfstætt starfandi einstaklingar

Samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar telst sjálfstætt starfandi einstaklingur tryggður í samræmi við uppgefnar tekjur sem hlutfall af viðmiðunarfjárhæð reiknaðs endurgjalds eins og það er ákvarðað af ríkisskattstjóra. Það þýðir að tveir sjálfstætt starfandi einstaklingar hvor í sinni starfsgreininni en með jafn háar tekjur geta átt mismikinn rétt til atvinnuleysisbóta, þrátt fyrir að vera með jafnháar tekjur og greiða þar með sömu fjárhæð í skatta og gjöld. Þetta er bersýnilega ósanngjarnt og óeðlilegt fyrirkomulag sem getur virkað letjandi á einstaklinga sem hyggjast reyna fyrir sér að starfa sjálfstætt. Þá liggur líka ljóst fyrir að viðmiðunarfjárhæðir reiknaðs endurgjalds eru ekki hugsaðar sem viðmið starfshlutfalls þegar kemur að rétti til atvinnuleysisbóta. Í starfshópi þeim sem nefndur er að framan og var ætlað að endurskoða lögin í heild sinni var samstaða um að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að réttur til atvinnuleysisbóta miðaðist við meðaltekjur yfir tiltekið tímabil fyrir atvinnumissi. Hvetur BHM velferðarnefnd til að leggja til viðeigandi breytingu á frumvarpinu svo þetta megi ná fram að ganga. Ólík meðferð tekna sjálfstætt starfandi einstaklinga skapar hvata- og skilvirknivanda. Hagfræðilega séð er æskilegra að tryggingakerfi sé hlutlaust gagnvart starfsháttum, þar sem mismunun milli launþega og sjálfstætt starfandi dregur úr sveigjanleika vinnumarkaðarins.

Lokaorð

BHM áréttar að bandalagið er ekki mótfallið því að bótatímabil sé stytt ef búið er að vinna greiningu og kortleggja nákvæmlega hvað tekur við hjá fólki sem hefur lokið rétti til bóta og hvort rétt sé að veita undanþágur eða lengri bótarétt viðkvæmum hópum á vinnumarkaði. Það að framkvæma og sjá hvað gerist og greina svo afleiðingarnar telst ekki til góðra stjórnarhátta. BHM telur málefnalegt að velferðarnefnd vísi frumvarpinu til frekari vinnslu, frekari gagna verði aflað og áhrif breytinga á bótatímabilinu verði kortlögð í samráði við aðila vinnumarkaðarins og endurbætt frumvarp verði lagt fram þegar slíkri vinnu er lokið.

Þá gerir BHM alvarlega athugasemd við samráðsleysið við heildarsamtök launafólks í ferlinu og ekki síður það að vinnu starfshóps um heildarendurskoðun laganna skuli hafa verið hætt fyrirvaralaust, þegar hópurinn hafði unnið talsverða og góða vinnu þar sem áhersla var lögð á að taka ákvarðanir byggðar á gögnum.

Að síðustu áréttar BHM þá kröfu að hætt verði að miða atvinnuleysistryggingarétt sjálfstætt starfandi einstaklinga við viðmiðunarfjárhæðir reiknaðs endurgjalds ríkisskattstjóra og í stað þess verði miðað við raunverulegar tekjur þessara einstaklinga. Stytting bótatímabils ætti aldrei að standa ein og sér heldur með það að leiðarljósi að á vinnumarkaðnum haldist á fólki, að færni nýtist og að framleiðni aukist. Eigi markmið breytinganna einungis að vera það að draga úr útgjöldum ríkisins er hætta á að kerfislæg áhætta skapist, þar sem kostnaður smitist annað, framleiðni minnki og álag á þjónustukerfi aukist, með beinum áhrifum á þau störf sem BHM-stéttir sinna.

Virðingarfyllst,

Kolbrún Halldórsdóttir
formaður BHM

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Smiðju við Vonarstræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2026

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.), 312. mál.

Með umsagnarbeiðni dags. 28. janúar sl. var óskað eftir athugasemdum BSRB við ofangreint frumvarp sem lagt hefur verið fram að félags- og húsnæðismálaráðherra. Með frumvarpinu eru lagðar til veigamiklar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2026 ásamt breytingum á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2026.

Að mati BSRB eru alvarlegustu breytingarnar tvenns konar. Annars vegar er það sú breyting að stytta bótatímabil atvinnuleysistrygginga um 40% án samráðs við aðila vinnumarkaðarins. Í frumvarpinu er þannig lagt til að hámarkslengd þess tímabils sem atvinnuleysistryggingar eru greiddar verði stytt um tólf mánuði, og þannig verði heimilt að greiða atvinnuleysistryggingar í samtals 18 mánuði í stað 30 mánaða. Hins vegar er það sú breyting að atvinnuleitendur verði fyrst tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins eftir að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í að minnsta kosti tólf mánuði, að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna, í stað þriggja mánaða samkvæmt gildandi lögum. Þessu mótmælir BSRB harðlega og telur þessa breytingu órökstudda og skaðlega. Með frumvarpinu eru einnig gerðar breytingar á stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og stjórn Vinnumálastofnunar. Þannig stendur til að leggja niður Atvinnuleysistryggingasjóð og stjórn hans, en einnig á að breyta eðli stjórnar Vinnumálastofnunar. Samkvæmt gildandi lögum ber ráðherra að leita umsagnar stjórnar Vinnumálastofnunar við hinar ýmsu breytingar tengt vinnumarksaðgerðum en með frumvarpinu er slíkt afnumið og ekki gert ráð fyrir að ákvarðanir ráðherra samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir verði háðar því skilyrði að umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar sé aflað. Engan rökstuðning fyrir þessum breytingum á eðli stjórnar stofnunarinnar er að finna í frumvarpinu.

Um bótatímabil atvinnuleysistrygginga

Frá árinu 2015 hefur bótatímabil atvinnuleysistrygginga verið að hámarki 30 mánuðir en í janúar árið 2021 skipaði þáverandi félags- og barnamálaráðherra samstarfshóp til heildarendurskoðunar laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006. Undirritaður sat í hópnum fyrir hönd BSRB en þar áttu sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, BHM, fjármála-

og efnahagsráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Vinnumálastofnun. Hlutverk samstarfshópsins var að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar í heild sinni og vinna að frumvarpi að nýrri heildarlöggjöf.

Eitt af þeim stóru atriðum sem hópurinn varð að taka afstöðu til var hvort endurskoða ætti lengd tímabils atvinnuleysistrygginga hér á landi. Á tímabilinu frá janúar 2021 til desember 2023 var hópurinn virkur, fundaði reglulega í ráðuneytinu og vann í sameiningu að drögum að frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar. Þegar vinnu hópsins lauk óformlega, þ.e. þegar ráðuneytið var hætt að boða fundi í hópnum, hafði starfshópurinn komið sér saman um ýmis veigamikil atriði og þar á meðal um lengd bótatímabilsins. Í frumvarpi sem starfshópurinn vann að var þannig lagt til að bótatímabil atvinnuleysistrygginga yrði framvegis 24 mánuðir en að á sama tíma yrði aukið við virkniúrræði til handa atvinnuleitendum. Jafnframt voru lagðar til breytingar á viðurlagakafla laganna og fleiri atriðum sem ekki má finna í því frumvarpi sem um ræðir hér.

Það sætti því mikilli furðu þegar þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra tilkynnti áform sín að stytta bótatímabil atvinnuleysistrygginga um tólf mánuði, úr 30 mánuðum í 18 mánuði, án samráðs við aðila vinnumarkaðarins. Þessi áform höfðu hvergi verið kynnt og situr undirritaður í stjórn Vinnumálastofnunar fyrir hönd BSRB, og aldrei fór fram kynning á þessum áformum á þeim vettvangi. Þegar frumvarpið var birt í Samráðsgátt stjórnvalda skilaði BSRB umsögn um málið og var umsögn bandalagsins afar gagnrýnin á áformin og efni frumvarpsins. Til dæmis gagnrýndi bandalagið tölfræðilega framsetningu frumvarpsins sem er bersýnilega röng, t.d. um þróun langtímaatvinnuleysis hér á landi að undanförnu. Þrátt fyrir þessi mótmæli er frumvarpið nú birt óbreytt á Alþingi og í samráðskafla frumvarpsins er ekki að neinu leyti fjallað um þá gagnrýni sem kom fram í umsögn BSRB og fleiri aðila um efni þess. Það stendur einfaldlega að 15 umsagnir hafi borist og teknar til skoðunar en að sú skoðun hafi þó ekki leitt til breytinga. Að mati BSRB hefði verið eðlilegt að samráðskafli frumvarpsins hefði tiltekið þá gagnrýni sem fram kom og rökstuðning hvers vegna ekki hafi verið tekið tillit til þeirra athugasemda, sem margar hverjar voru einfaldlega leiðréttingar á rangri framsetningu á tölfræði.

Um styttingu bótatímabils atvinnuleysistrygginga

Áformin virðast byggja á þeirri forsendu að atvinnuleysi í landinu sé það lágt að óþarft sé að hafa tímabil atvinnuleysistrygginga eins langt og raun ber vitni, og að virkniúrræði Vinnumálastofnunar hafi skilað svo góðum árangri undanfarin ár að þessi breyting sé réttlætanleg. Þannig segir í frumvarpinu:

> ,,Aðgerðir stjórnvalda síðastliðin ár til að draga úr langtímaatvinnuleysi hafa skilað góðum árangri og hefur hlutfall langtímaatvinnulausra, af þeim sem skráðir eru án

atvinnu hjá Vinnumálastofnun, lækkað. Sem dæmi um aðgerðir stjórnvalda má nefna aukna áherslu á einstaklingsmiðaða þjónustu fyrr en áður.[1]“

Þegar horft er til atvinnuleysis á Íslandi síðustu ár þá hefur það verið lítið í sögulegu samhengi en undanfarna mánuði hefur það aukist hratt. Á vef Vinnumálastofnunar má finna hina ýmsu tölfræði yfir atvinnuleysi og er það hægt sjá atvinnuleysi eftir kyni, aldri og því hversu lengi fólk hefur verið á atvinnuleysisskrá. Af lestri frumvarpsins má ætla að langtímaatvinnuleysi hafi minnkað undanfarin ár, þ.e. þeim sem hafa verið atvinnulaus lengur en tólf mánuði hafi farið fækkandi. Það er hins vegar augljóst af tölfræðigögnum á vefnum að langtíma atvinnuleysi (þ.e. umfram 12 mánuði) hefur farið hækkandi. Þannig hefur langtíma atvinnulausum fjölgað á síðustu tveimur árum úr 1.010 í desember 2023 og í 1.757 í desember 2025.

Ef horft er til hlutfalls af heildarfjölda á atvinnuleysisskrá, þá var hlutfall langtímaatvinnulausra 13,9% í desember 2023 en 18,3% í desember 2025. Auk þess gera efnahagsforsendur fjárlagafrumvarps ársins 2026 ráð fyrir auknu atvinnuleysi eða um 4,1% á yfirstandandi ári og 4% á árinu 2027, sem virðist þó vera bjartsýni miðað við nýjustu tölur Hagstofu Íslands[2].

Fjöldi einstaklinga sem hafa verið lengur en tólf mánuði á atvinnuleysisskrá, heimild: Vinnumálastofnun.

Undirritaður hefur setið í stjórn Vinnumálastofnunar undanfarin ár og orðið vitni að því góða starfi sem unnið er hjá stofnuninni. Það er vissulega rétt að stofnunin hefur í auknum mæli einbeitt sér að þeim atvinnuleitendum sem hafa verið lengur á atvinnuleysisskrá, í þeim tilgangi að aðstoða þau til virkni og atvinnuleitar. Í ljósi fullyrðinga frumvarpsins um að þær

[1] https://www.althingi.is/altext/pdf/157/s/0436.pdf, bls. 10.

[2] https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/vinnumarkadur/vinnumarkadurinn-a-4-arsfjordungi-2025/

aðgerðir hafi gengið svo vel að það réttlæti svo umfangsmikla breytingu á réttindatímabili atvinnuleysistrygginga, sem nú hefur verið boðuð, hefði ráðuneytinu verið í lófa lagið að birta tölfræði sem sýnir fram á þær breytingar. Sú fullyrðing frumvarpsins að langtíma atvinnulausum hafi farið fækkandi virðist ekki eiga við rök að styðjast ef horft er til síðustu tveggja ára, en í því sambandi verður að nefna að árin á undan eru ómarktæk vegna kórónuveirufaraldursins þar sem hlutfall atvinnulausra fór mest í 18%.

Ef horft er til þróunar á hlutfalli atvinnulausra undanfarin ár, þá var hlutfallið 3,9% að meðaltali árið 2025, 3,5% að meðaltali árið 2024 og 3,3% árið 2023. Í desembermánuði á síðasta ári, sem eru nýjustu tölur um atvinnuleysi var það mælt 4,4% hjá Vinnumálastofnun en hærra hjá Hagstofu Íslands sem horfir á allan vinnumarkaðinn en ekki einungis þau sem eru á skrá hjá Vinnumálastofnun. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi var 4,5% í desember 2025 samkvæmt Hagstofu Íslands. Það eru því blikur á lofti og ljóst að atvinnuleysi er á uppleið. Þó ekki væri nema með hliðsjón af þeirri tölfræði og þeirri óvissu sem hefur verið í atvinnulífi samhliða hækkandi verðbólgu og háu vaxtastigi er ljóst nú er ekki rétti tímapunkturinn til þess að fara í svo alvarlega og stóra breytingu á bótatímabili atvinnuleysistryggingakerfisins.

BSRB hefur lagt ríka áherslu á það undanfarin ár að aukin virkniúrræði komi til áður en stjórnvöld leggja fram breytingar á tímabili atvinnuleysistrygginga. Þannig þarf að sýna fram á að þau úrræði virki áður en slíkar breytingar, sem fela í sér skerðingu réttinda á vinnumarkaði, geta komið til álita. Til dæmis að öllum langtímaatvinnulausum hafi verið boðinn stuðningur og þjónusta í samræmi við aðstæður þeirra. Engin slík gögn fylgja með frumvarpinu né virðist hafa átt sér stað mat á áhrifum þess til framtíðar. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að stjórnvöld byggi ákvarðanir sínar um breytingar á tímabili atvinnuleysistrygginga á fyrirliggjandi gögnum um geti þannig rökstutt sínar breytingar með vísan til þeirra.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að áhersla hefur verið lögð á að auka virkni hjá þeim sem hafa lent í langtímaatvinnuleysi. Þessi hópur hefur í dag um 18 mánuði frá því þau eru skilgreind sem langtímaatvinnulaus og þar til þau eru búin að fullnýta sinn rétt til atvinnuleysistrygginga. Ef frumvarpið verður að lögum mun sami hópur einungis hafa innan við sex mánuði frá því þau eru skilgreind sem langtímaatvinnlaus og þar til þeirra tímabili lýkur. Þessi samanburður sýnir hversu mikil grundvallar breyting þetta yrði og fyrirséð hversu mikil áhrif hún mun hafa á stóran hóp atvinnuleitenda hér á landi. Þetta mun jafnframt vafalaust auka til muna ásókn einstaklinga í fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélaga.

Um samráðsleysi stjórnvalda

Það er ámælisvert að mati BSRB að ráðherra hafi tekið þá ákvörðun að láta útbúa og leggja fram frumvarp með svo veigamiklum breytingum án aðkomu og samráðs við aðila vinnumarkaðsins. Enn alvarlegra er að ráðherra hafi ákveðið að horfa framhjá vinnu starfshóps

stjórnvalda sem hafði það hlutverk að endurskoða lögin og bótatímabilið þar sem aðilar vinnumarkaðarins komu saman og störfuðu í tvö ár. Þar tókust á ólík sjónarmið en niðurstaðan varð málamiðlun sem allir aðilar sættu sig við og átti að fela í sér betri stöðu fyrir atvinnuleitendur með auknum virkniúrræðum. Sú vinna var í anda þeirra leikreglna sem viðhafðar hafa verið við breytingar á vinnumarkaðastengdum réttindum á íslenskum vinnumarkaði. Það er einfaldlega í andstöðu við þær leikreglur að unnið sé frumvarp um grundvallarréttindi á vinnumarkaði án aðkomu aðila vinnumarkarins og raunar er hér um hættulega þróun að ræða ef slíkt yrði látið viðgangast.

Lokaorð

Með vísan til framagreinds leggst BSRB alfarið gegn efni frumvarpsins og hvetur til þess að horft verði sérstaklega til þess frumvarps sem áður nefndur starfshópur hafði komið sér saman um ef vilji er til þess að leggja af stað í breytingar á svo veigamiklum réttindum eins og lög um atvinnuleysistryggingar fela í sér. Frumvarpinu skortir bæði framtíðarsýn og sýn á stöðuna á vinnumarkaði eins og hún er í dag. Það liggja engar greiningar fyrir eða tölfræðilegar upplýsingar sem styðja við þær breytingar sem frumvarpið felur í sér og yrði það slæmt fyrir ríkissjóð, fjárhag sveitarfélaga og vinnumarkaðinn í heild sinni ef það nær fram að ganga.

Fyrir hönd BSRB

Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur

Skagafjörður
Stjórnsýslu- og fjármálasvið

Alþingi
Velferðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 21. febrúar 2026
nr. erindis 2601302 bhb

Á 180. fundi byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 5. febrúar 2026 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.)

Svofelld bókun var gerð:

Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar 312. mál, Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.). Umsagnir skal senda í gegnum umsagnagátt Alþingis. Frestur til að senda inn umsögn er til og með 11. febrúar nk.

Byggðarráð Skagafjarðar fagnar markmiðum ríkisstjórnar Íslands um að grípa fyrr fólk sem misst hefur atvinnu og lent á atvinnuleysisskrá af einhverjum orsökum, og stuðla að aukinni virkni hjá þeim hópi sem útsettur er fyrir langtímaatvinnuleysi. Það er í hróplegu ósamræmi við þessa stefnu nýrrar ríkisstjórnar að þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Sauðárkróki hafi verið lokað og skrifstofan flutt frá þessu stærsta vinnusóknarsvæði landshlutans. Með þessu hefur þjónusta við atvinnuleitendur á öllu Norðurlandi vestra verið skert umtalsvert frá því sem áður var.
Byggðarráð lýsir yfir miklum áhyggjum af að hámarkslengd tímabils þar sem atvinnuleysistryggingar eru greiddar verði stytt um 12 mánuði þannig að heimilt verði að greiða atvinnuleysistryggingar í samtals 18 mánuði í stað 30 mánaða, líkt og nú er samkvæmt gildandi lögum. Áætlað er að þessi skerðing muni skila um sex milljarða króna sparnaði á ári fyrir ríkissjóð þegar hún verður að fullu innleidd. Líklegt er að hluti þess fólks sem missir réttindi sín við þessa fyrirhuguðu breytingu muni þurfa að leita með auknum þunga í fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og þar með færist útgjöld frá ríkissjóði til sveitarfélaganna. Samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnun fengu um 9% þeirra sem fullnýttu rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á árunum 2023 og 2024 fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi í janúar 2025. Það liggur ljóst fyrir að með því að stytta bótatímabilið um 12 mánuði má gera ráð fyrir því að þetta hlutfall muni stóraukast með tilheyrandi áhrifum á fjárhag sveitarfélaga og því vekur það furðu að í frumvarpinu skuli því vera haldið fram að frumvarpið muni ekki hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga. Byggðarráð telur það óviðunandi að slíku sé haldið fram án þess að viðunandi mat á áhrifum á fjárhag sveitarfélaga hafi farið fram. Sérstaklega er tilgreint í 40. gr. frumvarpsins að ráðherra skuli fyrir 31. desember 2027 leggja mat á hvaða áhrif breytingin hefur haft á fjárhag sveitarfélaganna. Því er gert ráð fyrir að

Ráðhúsinu
Skagfirðingabraut 21
550 Sauðárkróki

Sími: 455 6000
skagafjordur@skagafjordur.is
kt: 5506982349

sveitarfélög beri þann kostnað sem kann aðfalla til vegna breytingarinnar í tvö ár. Í frumvarpinu er heldur ekki tilgreint með hvaða hætti hugsanlegum kostnaðarauka verði mætt. Að mati byggðarráðs eru slík vinnubrögð ámælisverð og ekki í samræmi við þá áherslu sveitafélaga um að meta í öllum tifellum áhrif lagasetningar á sveitafélögin í landinu. Slíkt mat þarf að fara fram áður en lögum er breytt og skýra þarf hvernig hið opinbera hyggst bæta sveitarfélögum upp þann kostnaðarauka sem breytingin kann að valda. Hér er því verið að velta kostnaði yfir á sveitarfélögin sem ríkið bæri ella. Byggðarráð Skagafjarðar leggst því gegn því að frumvarpið nái fram að ganga í óbreyttri mynd.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. byggðarráðs Skagafjarðar

_____

Baldur Hrafn Björnsson
sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

Ráðhúsinu
Skagfirðingabraut 21
550 Sauðárkróki

Sími: 455 6000
skagafjordur@skagafjordur.is
kt: 5506982349

Rafræn skilríki

Undirritað af: Baldur Hrafn Björnsson
Kennitala: 1502866039
Tími: 21.02.2026 16:24
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

Minnisblað

Viðtakandi	Velferðarnefnd Alþingis	**Dagsetning**	2.6.2026
Sendandi	Félags- og húsnæðismálaráðuneytið	**Málsnúmer**	FRN25060073

312. mál: Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl)

Velferðarnefnd Alþingis ákvað á fundi sínum miðvikudaginn 29. maí sl., með vísan til 51. gr. þingskapa, að óska eftir minnisblaði frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu *„um breytingu á kostnaðarmati vegna þeirra breytinga sem velferðarnefnd leggur til í nefndaráliti sínu í máli 312. Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.) og varðar annars vegar breytingu á styttingu bótatímabils um 12 mánuði í 6 mánuði, þ.e. úr 30 mánuðum niður í 24 í stað 18 mánaða eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar breytingu á lágmarksskilyrðum til atvinnuleysisbóta þannig að einstaklingar geti áfram áunnið sér hlutfallslegan rétt til bóta í samræmi við lengd starfstíma í 7 mánuði en skv. frumvarpinu var ekki gert ráð fyrir hlutfallslegum rétti heldur að einstaklingar væru að fullu tryggðir á 12 mánuðum.*

Í 6. kafla fyrrgreinds frumvarps er fjallað um mat á áhrifum, en þar kemur meðal annars fram að áætlað væri að stytting á hámarkslengd þess tímabils sem einstaklingar geta fengið greiddar atvinnuleysisbætur, um tólf mánuði eða úr 30 mánuðum í 18 mánuði, hefði í för með sér lækkun útgjalda ríkissjóðs um 6.300 millj. kr. á ársgrundvelli, miðað við að skráð atvinnuleysi mælist á bilinu 3,5–4%, þegar áhrif breytingarinnar væru að fullu komin fram árið 2029. Þá væri gert ráð fyrir að breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar hvað varðar ávinnslu atvinnuleysistrygginga þess efnis að atvinnuleitandi þurfi að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. 12 mánuði til að geta talist tryggður innan kerfisins myndi hafa í för með sér lækkun á útgjöldum ríkissjóðs sem nemi allt að 200 millj. kr. á ári.

Í nefndaráliti sínu leggur velferðarnefnd til að hámarkslengd þess tímabils sem einstaklingar geti fengið greiddar atvinnuleysisbætur verði 24 mánuðir, í stað 18 mánaða eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Áætlað er að stytting tímabilsins úr 30 mánuðum í 24 mánuði hafi í för með sér lækkun útgjalda ríkissjóðs um 2.400 millj. kr. á ársgrundvelli, miðað við að skráð atvinnuleysi mælist á bilinu 3,5–4%, þegar áhrif breytingarinnar eru að fullu komin fram.

Þá leggur nefndin til í áliti sínu að atvinnuleitandi þurfi að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. sjö mánuði til að geta talist tryggður innan kerfisins, í stað 12 mánaða eins og frumvarið gerir ráð fyrir. Áætlað er að slík breyting hvað varðar ávinnslu atvinnuleysistrygginga hafi í för með sér lækkun á útgjöldum ríkissjóðs sem nemi allt að 100 millj. kr. á ári.

Minnisblað

Viðtakandi	Velferðarnefnd Alþingis	**Dagsetning**	26.3.2026
Sendandi	Félags- og húsnæðismálaráðuneytið	**Málsnúmer**	FRN25060073

312. mál: Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl)

Velferðarnefnd Alþingis ákvað á fundi sínum miðvikudaginn 18. mars sl., með vísan til 51. gr. þingskapa, að óska eftir minnisblaði frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu vegna 312. máls – Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.). Beiðni um minnisblað barst ráðuneytinu föstudaginn 20. mars. sl.

Í beiðni sinni óskaði nefndin eftir *„minnisblaði vegna umsagna sem borist hafa um málið og viðbrögð ráðuneytisins við þeim athugasemdum sem gerðar eru í umsögnum. Þá er einnig óskað eftir frekara áhrifamati á einstaka hópa launafólks og hvort búið sé að greina þá, svo sem þá sem eru 60 ára og eldri, erlent verkafólk, launafólk í ferðaþjónustu eða öðrum sveiflukenndum atvinnugreinum og einnig áhrif á efnahagslífið í heild.“*

Umsagnir sem borist hafa Alþingi um málið og viðbrögð ráðuneytisins við þeim athugasemdum sem gerðar eru í umsögnum.

Á vef Alþingis kemur fram að velferðarnefnd hafi sent þann 28. janúar sl. alls 82 umsagnarbeiðnir vegna framangreinds máls þar sem frestur var veittur til 11. febrúar sl. Velferðarnefnd bárust alls 15 umsagnir vegna málsins frá eftirfarandi aðilum: Alþýðusambandi Íslands, BHM, BSRB, Byggðarráði Skagafjarðar, Guðmundi Ásgeirssyni, Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna, Persónuvernd, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum atvinnulífsins, Sveitarfélaginu Hornafirði, Velferðarsviði Akureyrarbæjar og VR.

Drög að frumvarpinu voru kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda 15.–29. október 2025 (mál nr. S-206/2025). Flestir framangreindra aðila birtu umsagnir í Samráðsgátt stjórnvalda og voru þær umsagnir teknar til skoðunar við vinnslu frumvarpsins. Sú skoðun leiddi þó ekki til breytinga á efni frumvarpsins. Þær athugasemdir sem koma fram í umsögnum sem borist hafa Alþingi lágu þannig að mestu leyti fyrir við vinnslu frumvarpsins. Ráðuneytið vísar almennt til greinargerðar frumvarpsins hvað varðar rökstuðning með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Í nokkrum umsögnum eru gerðar athugasemdir við tillögu um að hámarkslengd þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar verði styttur úr 30 mánuðum í 18 mánuði. Þá er áhersla lögð á að fjölga þurfi virkniúrræðum og að auka þurfi fjárframlög til slíkra úrræða.

Í því sambandi ítrekar ráðuneytið það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þess efnis að reynslan hafi sýnt að afar mikilvægt sé að veita atvinnuleitendum sem fyrst aðstoð í kjölfar atvinnumissis og stuðla að aukinni virkni hjá þeim hópi sem líklegur er til að verða lengi án atvinnu. Því lengur sem fjarvera einstaklings frá vinnumarkaði vari þeim mun ólíklegra þyki að viðkomandi snúi til baka á vinnumarkað og sé því talið brýnt að fjarveran sé ekki of löng. Þá megi leiða að því líkur að atvinnuleitendur séu almennt ekki í virkri atvinnuleit í skilningi laganna eftir 18 mánaða atvinnuleit og því kunni að vera tilefni til að

meta heildstætt hvort þeir þurfi á annars konar aðstoð að halda en atvinnuleysisbótum að þeim tíma liðnum.

Líkt og fram kemur í greinargerð frumvarpsins þykir brýnt að samhliða styttingu bótatímabilsins verði lagður aukinn kraftur í að aðstoða þá sem hafa verið lengi án atvinnu við að komast út á vinnumarkað og stuðla að aukinni virkni hjá þeim hópi sem er útsettur fyrir langtímaatvinnuleysi. Ekki er kveðið á um slíkar aðgerðir í frumvarpinu enda eru einstakar vinnumarkaðsgerðir almennt ekki festar í lög en Vinnumálastofnun annast skipulag vinnumarkaðsúrræða á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Þá er jafnframt kveðið á um þátttöku atvinnuleitenda í vinnumarkaðsúrræðum í reglugerð um vinnumarkaðsúrræði. Ráðuneytið bendir á að reynslan hefur sýnt að flestir atvinnuleitendur eru sjálfbærir í sinni atvinnuleit. Þegar litið er til tölulegra gagna síðastliðinna þriggja ára var um 50% atvinnuleitenda ekki lengur skráður án atvinnu hjá Vinnumálastofnun eftir fjóra mánuði innan kerfisins. Eftir sjö mánuði var um að ræða 70% atvinnuleitenda og um 90% eftir 18 mánuði innan kerfisins. Þá hefur reynslan sýnt að þeir einstaklingar sem fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins leita ekki til sveitarfélaga í miklum mæli í tengslum við aðstoð við framfærslu.

Ráðgjöf Vinnumálastofnunar er stigskipt eftir lengd þess tíma sem atvinnuleitandi hefur verið án atvinnu og mati á þjónustuþörf en verklag stofnunarinnar miðar að því að grípa fyrr en áður þá atvinnuleitendur sem líklegir eru til að þurfa aðstoð við að verða þátttakendur á vinnumarkaði að nýju. Þá hefur Vinnumálastofnun þegar verið veitt viðbótarfjármagn í því skyni að auka enn frekar snemmtæka íhlutun, stuðla að aukinni virkni atvinnuleitenda og efla eftirlit með greiðslu atvinnuleysisbóta. Auk framangreinds hefur rekstur Vinnumálastofnunar verið styrktur með það að markmiði að styðja enn frekar við fólk í atvinnuleit og auka virkni atvinnuleitenda.

Umsagnaraðilar benda meðal annars á að framlög til virkra vinnumarkaðsaðgerða séu lág hér á landi í alþjóðlegum samanburði en í því sambandi bendir ráðuneytið á að meðaltal atvinnuleysis á Íslandi hefur mælst lágt undanfarin ár í samanburði við önnur Norðurlönd og OECD ríki, auk þess sem atvinnuþátttaka á Íslandi er sú mesta meðal ríkja innan OECD.

Þá er í tiltekinni umsögn bent á að fyrirhuguð stytting á bótatímabili atvinnuleysistryggingar gangi gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar. Í því sambandi telur ráðuneytið rétt að taka fram að í frumvarpinu er með vísan til 72. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, skýrt kveðið á um að fyrirhuguð stytting bótatímabils atvinnuleysistrygginga eigi eingöngu við um þá einstaklinga sem hefja nýtt bótatímabil eftir að stytting tímabilsins tekur gildi og skerði því ekki rétt þeirra einstaklinga sem þegar hafa hafið nýtingu á bótatímabili innan atvinnuleysistryggingakerfisins þegar stytting bótatímabilsins tekur gildi.

Í nokkrum umsögnum eru gerðar athugasemdir við tillögu um breytt lágmarksskilyrði fyrir rétti til atvinnuleysistrygginga en í frumvarpinu er lagt til að atvinnuleitandi geti almennt ekki talist tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins fyrr en viðkomandi hefur starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. 12 mánuði á ávinnslutímabili. Samkvæmt gildandi lögum ávinnst hins vegar réttur til hlutfallslegrar greiðslu atvinnuleysisbóta eftir einungis þrjá mánuði í starfi á innlendum vinnumarkaði. Í því sambandi bendir ráðuneytið á það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þess efnis að eðlilegt þyki að gerðar séu auknar kröfur frá því sem nú er hvað varðar atvinnuþátttöku einstaklinga til þess að þeir geti talist tryggðir samkvæmt lögunum. Fram kemur að þær auknu kröfur séu til samræmis við þær

kröfur sem gerðar séu hvað varðar atvinnuþátttöku þeirra sem geti talist tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfa annars staðar á Norðurlöndum. Þá hafi reynslan sýnt að meiri hluti þeirra sem skráðir séu innan atvinnuleysistryggingakerfisins hér á landi teljast að fullu tryggðir og hafi meðaltryggingarhlutfall atvinnuleitenda lengi verið hærra en 90%.

Í nokkrum umsögnum eru gerðar athugasemdir hvað varðar mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög. Í því sambandi bendir ráðuneytið á það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þess efnis að ekki sé gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga. Þrátt fyrir framangreint var unnið sérstakt mat á áhrifum frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga og var matið lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga. Í umsögn sinni leggst Sambandið ekki gegn þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Í ljósi ábendinga sem bárust frá Sambandinu við vinnslu frumvarpsins er þó gert ráð fyrir að ráðherra skuli innan tveggja ára, verði frumvarpið að lögum, leggja mat á hvaða áhrif það hefur haft á fjárhag sveitarfélaga að breyta lágmarksskilyrðum fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta sem og að stytta það tímabil sem atvinnuleysisbætur eru greiddar úr 30 mánuðum í 18 mánuði samanborið við ætluð áhrif á fjárhag sveitarfélaga.

Í nokkrum umsögnum eru gerðar athugasemdir hvað varðar samráð um efni frumvarpsins. Í því sambandi bendir ráðuneytið á það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þess efnis að við vinnslu frumvarpsins hafi meðal annars verið litið til fyrri vinnu í tengslum við endurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar, sem fram hafi farið á árunum 2021–2023 í tíð þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðherra í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins og Vinnumálastofnun. Sem dæmi um tillögur sem ræddar voru við fyrrgreinda heildarendurskoðun og finna má í frumvarpinu eru tillögur að breytingum hvað varðar nám samhliða greiðslu atvinnuleysistrygginga og lögfestingu desemberuppbótar atvinnuleysistrygginga. Þá bendir ráðuneytið á það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þess efnis að ráðherra hafi fundað með Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins í mars 2025 þar sem framangreindir aðilar voru m.a. upplýstir um fyrirhugaða styttingu á bótatímabili atvinnuleysistrygginga. Þá hafi bæði áform um lagasetningu og drög að frumvarpi kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda og birtu hagsmunaaðilar þar sínar athugasemdir sem komu til skoðunar við vinnslu frumvarpsins.

Í umsögn Persónuverndar eru ítrekaðar þær athugasemdir sem fram koma í umsögn stofnunarinnar sem birt var í Samráðsgátt stjórnvalda. Í því sambandi bendir ráðuneytið á það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þess efnis að með frumvarpinu séu ekki lagðar til efnislegar breytingar frá gildandi lögum um heimildir Vinnumálastofnunar til upplýsingaöflunar í tengslum við umsóknir um atvinnuleysisbætur.

Frekara áhrifamat á einstaka hópa.

Í beiðni velferðarnefndar til ráðuneytisins er óskað eftir frekara áhrifamati vegna einstakra hópa. Í því sambandi bendir ráðuneytið á það sem kemur fram í greinargerð frumvarpsins þess efnis að efni frumvarpsins snerti fyrst og fremst launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem sæki um atvinnuleysisbætur á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar. Þá kemur fram að ekki verði séð að þær breytingar sem frumvarpið feli í sér muni hafa mismunandi áhrif á stöðu kynjanna á vinnumarkaði svo miklu nemi þar sem breytingunum sé ætlað að gilda um bæði launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklinga óháð kyni.

Í greinargerð frumvarpsins er ekki fjallað um mat á áhrifum þess á einstaka hópa að öðru leyti en því sem að framan er rakið en líkt og áður hefur komið fram hefur reynslan sýnt að flestir atvinnuleitendur eru sjálfbærir í sinni atvinnuleit. Þegar litið er til tölulegra gagna síðastliðinna þriggja ára má sjá að almennt hefur um 90% atvinnuleitenda hætt atvinnuleit eftir 18 mánuði innan kerfisins. Sjá nánar í meðfylgjandi töflu:

Mánuður	3	6	9	12	15	18
Allir	**41%**	**63%**	**76%**	**83%**	**87%**	**91%**

Líkt og kemur fram í greinargerð frumvarpsins hefur reynslan sýnt að meiri hluti þeirra sem skráðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins hér á landi teljast að fullu tryggðir og hefur meðaltryggingarhlutfall atvinnuleitenda lengi verið hærra en 90%. Einstaklingar með lágmarksbótarétt innan kerfisins, eða 25% bótarétt, í september 2025 voru 18. Þá voru 239 einstaklingar skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun með bótarétt undir 50% á sama tíma.

Ekki verður séð að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér muni hafa mismunandi áhrif á stöðu einstaklinga á vinnumarkaði eftir aldri svo miklu nemi þar sem breytingunum er ætlað að gilda almennt bæði um launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklinga óháð aldri. Í beiðni velferðarnefndar til ráðuneytisins var sérstaklega óskað eftir því að gerð yrði grein fyrir ætluðum áhrifum frumvarpsins á þá sem eru 60 ára og eldri en í því sambandi bendir ráðuneytið á að samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru atvinnuleitendur eldri en 60 ára um 7% af heildarfjölda skráðra atvinnuleitenda í lok febrúar sl. en um 13% af þeim sem skráðir höfðu verið án atvinnu í 12 mánuði eða lengur.

Þá verður ekki verður séð að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér muni hafa í för með sér mismunandi áhrif á stöðu einstaklinga á vinnumarkaði eftir þjóðerni svo miklu nemi þar sem breytingunum er ætlað að gilda almennt bæði um launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklinga. Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hefur þó mælst töluvert meira en meðal Íslendinga undanfarin ár og hafa árstíðarbundnar sveiflur jafnframt verið meiri hjá hópnum. Í lok febrúar sl. voru erlendir ríkisborgarar tæplega 60% af heildarfjölda þeirra sem skráðir voru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun og voru þeir jafnframt um 60% þeirra sem höfðu verið skráðir án atvinnu í 12 mánuði eða lengur. Gera má ráð fyrir að þeçar hægi á hagvexti hér á landi sé þessi hópur líklegri til að missa vinnuna en aðrir, enda starfa margir í hópnum innan starfsgreina þar sem árstíðarbundnar sveiflur eru almennt meiri en innan annarra starfsgreina, svo sem í byggingariðnaði, ýmsum þjónustustörfum og greinum tengdum ferðaþjónustu.

Í meðfylgjandi töflu má sjá hlutfall atvinnuleitenda sem hætta atvinnuleit innan tilgreinds mánaðarfjölda, brotið niður eftir Íslendingum, erlendum ríkisborgurum sem tala litla íslensku og ensku og erlendum ríkisborgurum sem tala einhverja íslenska eða ensku.

Mánuðir á skrá	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18
Erlendir lítil tungumál	11%	21%	30%	37%	47%	54%	58%	63%	66%	70%	73%	75%	77%	79%	80%	83%	84%	85%
Erlendir - aðrir	15%	28%	36%	44%	54%	60%	66%	70%	74%	77%	78%	81%	82%	85%	86%	88%	88%	90%
Íslenskir	18%	35%	48%	55%	62%	68%	74%	77%	80%	82%	85%	87%	88%	89%	90%	92%	92%	93%
Allir	**16%**	**30%**	**41%**	**49%**	**57%**	**63%**	**69%**	**72%**	**76%**	**78%**	**81%**	**83%**	**84%**	**86%**	**87%**	**89%**	**90%**	**91%**

Hvað varðar áhrif þeirra breytinga sem frumvarpið felur í sér á efnahagslífið í heild bendir ráðuneytið á að áætlað er að verði frumvarpið óbreytt að lögum verði heildarfjárhagsáhrif á ríkissjóð útgjaldalækkun um 5.900 millj. króna á ársgrundvelli. Þá er með frumvarpinu lagðar til breytingar sem stuðla eiga að því að einstaklingar sem skráðir eru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun verði fyrr virkir á vinnumarkaði að nýju en nú er.

Minnisblað

Viðtakandi	Velferðarnefnd Alþingis	**Dagsetning**	15.4.2026
Sendandi	Félags- og húsnæðismálaráðuneytið	**Málsnúmer**	FRN25060073

312. mál: Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl).

Velferðarnefnd Alþingis ákvað á fundi sínum miðvikudaginn 18. mars sl., með vísan til 51. gr. þingskapa, að óska eftir minnisblaði frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu vegna 312. máls – Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.). Beiðni um minnisblað barst ráðuneytinu föstudaginn 20. mars. sl. og var umbeðið minnisblað sent nefndinni fimmtudaginn 26. mars sl. Með erindi nefndarinnar til ráðuneytisins, dags. 27. mars sl., óskaði nefndin eftir frekari upplýsingum, en í erindi nefndarinnar kom fram:

„Nefndin óskar eftir að fá frekari upplýsingar um áhrif frumvarpsins á sveitarfélög og þann kostnað sem kunni að lenda á þeim þegar launafólk dettur út af atvinnuleysisbótum eftir 18 mánuði en er enn ekki komið með atvinnu. Óskar nefndin eftir upplýsingum um hvað taki við hjá fólki eftir að bótaréttur hefur verið fullnýttur.

Þá óskar nefndin eftir tölfræðiupplýsingum um áhrif frumvarpsins eftir búsetu, aldri, kyni og eftir því hve margir úr þessum hópi tilheyri svokölluðum NEET hópi. Þá er óskað eftir upplýsingum um hver ávinnsla réttinda (fjöldi mánaða fyrir atvinnuleysi) hefur verið hingað til og það greint eftir öllum aldri, t.d. 10 ára spann, kynin og landshluta. Þá er óskað eftir upplýsingum um aldursdreifingu frá <20 ára og síðan með 5 eða 10 ára millibili og upp úr (að 67 og síðan >67 ára), er þess óskað að fá upplýsingar um fjölda greiddra mánaðar í þessu samhengi og einnig að horft sé til búsetu og kyrja. Einnig er óskað eftir að fá upplýsingar um fjölda kennitalna sem nýta fjölda mánaða í atvinnuleysi þannig að það sé listað upp eftir mánuðum.

Nefndin óskar einnig eftir að fá upplýsingar um meðallaun þeirra sem fá tekjutengdar bætur og/eða hversu hátt hlutfall er greitt annars vegar í tekjutengdar bætur og síðan hversu mikið fall er frá launum fyrir atvinnuleysi og niður í hámarksbætur eftir tekjutengda mánuði.

Einnig er óskað eftir upplýsingum um áhrif á Vinnumálastofnun og hvort efla eigi stofnunina til að aðstoða fólk í atvinnuleit innan 18 mánaða. Hefur Vinnumálastofnun fjármagn og mannafla til að sinna þessum hópi þannig að sem flestir hafi atvinnu innan 18 mánaða.

Þá er óskað eftir upplýsingum um þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum og hvaða úrræði standi til boða í dag og hvaða úrræði eru fyrirhuguð. Þá er óskað eftir tölfræðiupplýsingum um hvernig þessi úrræði nýtast. Þá er óskað eftir upplýsingum um hver áhrif frumvarpsins eru á þann hóp fólks sem er alveg án atvinnu og einnig þann hóp sem er í hlutastarfi og á hlutabótum og sundurliðun á því hve stór þessi hópur er.

Þá er einnig óskað eftir upplýsingum um það hvort ríkið hyggist áfram fá tekjur af tryggingagjaldi til sín eða hvort það verði lækkað.

Að lokum óskar nefndin eftir frekari upplýsingum um hvers vegna vinnu starfshóps um heildarendurskoðun laganna hafi verið hætt.“

Áhrif á sveitarfélög:

Varðandi ætluð áhrif frumvarpsins á sveitarfélög, verði það óbreytt að lögum, bendir ráðuneytið á það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þess efnis að ekki sé gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að hámarkslengd þess tímabils sem einstaklingar geta fengið greiddar atvinnuleysisbætur verði stytt frá því sem nú er samkvæmt gildandi lögum þar sem reynslan hafi sýnt að þeir einstaklingar sem fullnýti rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins leiti ekki til sveitarfélaga í miklum mæli í tengslum við aðstoð við framfærslu. Samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnun hafi um 55% þeirra einstaklinga sem fullnýttu rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á árunum 2023 og 2024 verið þátttakendur á vinnumarkaði í janúar 2025 en um 9% hópsins hafi fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi á sama tíma. Þá voru 1,3% hópsins í fæðingarorlofi í janúar 2025, um 3% í námi og 6% fengu greiddan ellilífeyri. Tæp 13% hópsins fékk greiðslur frá Tryggingastofnun eða Sjúkratryggingum Íslands en staða um 13% hópsins var óþekkt. Í þessu sambandi bendir ráðuneytið á að með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar í því skyni að tryggja að Vinnumálastofnun verði heimil vinnsla upplýsinga frá Skattinum, Tryggingastofnun, Hagstofu Íslands og viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og skólum á háskólastigi að því marki sem nauðsynlegt þykir að mati Vinnumálastofnunar í því skyni að kanna afdrif þeirra sem hafa fullnýtt rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Er um nýmæli að ræða og er breytingunni ætlað að stuðla að því að stjórnvöld hafi betri yfirsýn en nú er yfir afdrif þeirra sem fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins, sbr. það sem fram kemur í greindargerð með frumvarpinu.

Ráðuneytið bendir jafnframt á það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þess efnis að ekki sé gert ráð fyrir að breyting á lágmarksskilyrðum fyrir rétti til atvinnuleysistrygginga hafi veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga en reynslan hafi sýnt að meiri hluti þeirra sem skráðir séu innan atvinnuleysistryggingakerfisins teljist að fullu tryggðir og hafi meðaltryggingarhlutfall atvinnuleitenda lengi verið hærra en 90%. Einstaklingar með lágmarksbótarétt innan kerfisins, eða 25%, hafi í september 2025 verið 18 talsins. Þá hafi 239 einstaklingar verið skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í þeim mánuði með bótarétt undir 50%. Í þessu sambandi bendir ráðuneytið á að skv. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga skal ríkissjóður meðal annars endurgreiða sveitarfélagi veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara sem átt hafa lögheimili í landinu skemur en tvö ár. Má því að mati ráðuneytisins ætla að leiti erlendir ríkisborgarar í auknum mæli til sveitarfélaga eftir fjárhagsaðstoð sökum þess að þeir uppfylli ekki lágmarksskilyrði fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta kunni útgjöld ríkissjóðs vegna endurgreiðslna til sveitarfélaga á grundvelli fyrrgreindrar 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að aukast á móti og því komi kostnaður sveitarfélaganna ekki til með að aukast í því sambandi.

Tölulegar upplýsingar/áhrif á einstaka hópa

Í beiðni velferðarnefndar til ráðuneytisins, dags. 27. mars sl., er óskað eftir ýmsum tölulegum upplýsingum sem ekki koma fram í greinargerð frumvarpsins, svo sem hvað varðar ávinnslu einstaklinga innan atvinnuleysistryggingakerfisins og fjölda mánaða sem viðkomandi einstaklingar hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur. Ráðuneytið óskaði eftir framangreindum upplýsingum frá Vinnumálastofnun sem tók saman upplýsingar um skráða atvinnuleitendur í lok mars sl. Þess skal getið að áhrifamat frumvarpsins byggir á eldri gögnum en eðli málsins samkvæmt er samsetning einstaklinga sem skráðir eru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun mismunandi frá einum tíma til annars.

Þá verður að mati ráðuneytisins ekki séð að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér muni hafa í för með sér mismunandi áhrif á stöðu einstaklinga á vinnumarkaði eftir búsetu, aldri eða kyni svo miklu nemi þar sem breytingunum er ætlað að gilda almennt bæði um launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklinga óháð framangreindum þáttum.

Í beiðni velferðarnefndar til ráðuneytisins, dags. 27. mars sl., er óskað eftir tölulegum upplýsingum um áhrif frumvarpsins eftir búsetu aldri og kyni. Er meðal annars óskað eftir upplýsingu um hve lengi einstaklingar fá greiddar atvinnuleysisbætur, greint eftir hópum. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru skráðir atvinnuleitendur hjá stofnuninni í lok mars 2026 samtals 9.068 talsins. Á þeim tíma höfðu jafnframt borist Vinnumálastofnun 983 umsóknir um atvinnuleysisbætur frá einstaklingum sem ekki höfðu verið afgreiddar af stofnuninni og eru þeir einstaklingar því ekki taldir með í eftirfarandi tölum.

Á fyrrnefndum tíma eða í lok marsmánaðar sl. voru skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun 5.342 karlar og 3.726 konur. Í meðfylgjandi töflu má sjá hvernig skipting hópsins var eftir aldurshópum. Einnig má í töflunni sjá upplýsingar um hve marga mánuði einstaklingar höfðu samtals fengið greiddar atvinnuleysisbætur á yfirstandandi bótatímabili hvers og eins. Hér er ekki um að ræða samfelldan fjölda mánaða.

Nýttir mán pr. aldursbil	0-6 mán	6-12 mán	12-18 mán	18-24 mán	24-30 mán	Samtals
18-20 ára	91	13	9			113
20-30 ára	1.126	568	303	178	99	2.274
30-40 ára	1.208	759	505	285	205	2.962
40-50 ára	713	456	315	188	142	1.814
50-60 ára	439	310	210	152	99	1.210
60-67 ára	224	139	120	87	68	638
67-70 ára	10	9	16	12	10	57
Samtals	**3.811**	**2.254**	**1.478**	**902**	**623**	**9.068**

Í beiðni velferðarnefndar til ráðuneytisins, dags. 27. mars sl., er óskað eftir upplýsingum um hinn svokallaða *NEET* hóp. Skráðir atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára voru samtals 861 í lok mars 2026, en þegar fjallað er um hinn svokallaða *NEET* hóp er oftast átt við aldurshópinn 16-24 ára. Þess skal þó getið að einstaklingar sem skráðir eru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun falla ekki vel að skilgreiningu *NEET,* þ.e. að vera ekki í námi, vinnu eða starfsþjálfun, þar sem einstaklingar sem skráðir eru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun eru í virkri atvinnuleit eftir að hafa misst starf sitt. Þá er meðal almennra skilyrða fyrir atvinnuleysistryggingum einstaklinga að þeir hafi náð 18 ára aldri.

Í meðfylgjandi töflu má sjá fjölda skráðra atvinnuleitenda í lok mars sl. eftir landsvæðum. Einnig má sjá upplýsingar um það hve marga mánuði einstaklingar höfðu samtals fengið greiddar atvinnuleysisbætur á yfirstandandi bótatímabili hvers og eins. Hér er ekki um að ræða samfelldan fjölda mánaða.

Nýttir mán pr. landsvæði	0-6 mán	6-12 mán	12-18 mán	18-24 mán	24-30 mán	Samtals
Höfuðborgarsvæðið	2.352	1.514	1.003	635	437	5.941
Suðurnes	570	275	199	115	88	1.247
Vesturland	120	65	37	20	13	255
Vestfirðir	43	34	15	6	9	107
Norðurland vestra	31	17	9	4	3	64
Norðurland eystra	240	147	76	42	29	534
Austurland	80	34	17	5	6	142
Suðurland	375	168	122	75	38	778
Samtals	**3.811**	**2.254**	**1.478**	**902**	**623**	**9.068**

Í beiðni velferðarnefndar til ráðuneytisins, dags. 27. mars sl., er óskað eftir upplýsingum um *„fjölda kennitalna sem nýta fjölda mánaða í atvinnuleysi þannig að það sé listað upp eftir mánuðum.“* Ráðuneytið bendir í því sambandi á það sem fram kemur í minnisblaði ráðuneytisins til velferðarnefndar, dags. 26. mars. sl., þess efnis að reynslan hafi sýnt að flestir atvinnuleitendur séu sjálfbærir í sinni atvinnuleit. Þegar litið sé til tölulegra gagna síðastliðinna þriggja ára megi sjá að almennt hafi um 90% atvinnuleitenda verið skráðir af atvinnuleysisskrá eftir 18 mánuði innan kerfisins. Sjá nánar í meðfylgjandi töflu:

Mánuður	3	6	9	12	15	18
Allir	**41%**	**63%**	**76%**	**83%**	**87%**	**91%**

Í meðfylgjandi töflu má sjá í hve marga mánuði þeir einstaklingar sem skráðir voru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í lok mars sl. höfðu samtals fengið greiddar atvinnuleysisbætur á yfirstandandi bótatímabili hvers og eins eftir mánuðum. Hér er ekki um að ræða samfelldan fjölda mánaða.



Í beiðni velferðarnefndar til ráðuneytisins, dags. 27. mars sl., er óskað eftir upplýsingum um ávinnslu réttinda innan atvinnuleysistryggingakerfisins og hve lengi einstaklingar hafi starfað á ávinnslutímabili áður en þeir misstu starf sitt. Í því sambandi bendir ráðuneytið á það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þess efnis að reynslan hafi sýnt að almennt teljist meiri hluti þeirra sem skráðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins að fullu tryggðir og hafi því starfað á vinnumarkaði í 12 mánuði eða lengur á ávinnslutímabili. Þá kemur fram að meðaltryggingarhlutfall atvinnuleitenda hafi lengi verið hærra en 90%. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun höfðu 6.648 einstaklingar eða um 73% atvinnuleitenda 100% bótarétt í lok mars 2026. Einstaklingar sem ekki höfðu 100% bótarétt vegna þess að þeir höfðu starfað skemur en 12 mánuði á ávinnslutímabili voru 1.128 á sama tíma eða um 12% atvinnuleitenda. Aðrir voru hlutfallslega tryggðir af öðrum ástæðum en þeim að hafa starfað skemur en 12 mánuði á ávinnslutímabili en þess skal getið að efni frumvarpsins hefur ekki áhrif á einstaklinga sem ekki ávinna sér fullan bótarétt af öðrum ástæðum en vegna skammrar vinnusögu, svo sem einstaklinga sem gegna hlutastörfum.

Í meðfylgjandi töflu má sjá fjölda einstaklinga sem skráðir voru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun í lok mars sl. og höfðu starfað skemur en 12 mánuði á ávinnslutímabili, skipt eftir aldurshópum sem og eftir því hvort um Íslendinga eða erlenda ríkisborgara er að ræða.

Vinnusaga styttri en 12 mánuðir	Erlendir	Íslendingar	Samtals
18-20 ára	21	30	51
20-30 ára	281	120	401
30-40 ára	267	67	334
40-50 ára	149	30	179
50-60 ára	81	26	107
60-67 ára	31	22	53
67-70 ára	3		3
Samtals	**833**	**295**	**1.128**

Tekjuupplýsingar

Í beiðni velferðarnefndar til ráðuneytisins, dags. 27. mars sl., er óskað eftir upplýsingum *„um meðallaun þeirra sem fá tekjutengdar bætur og/eða hversu hátt hlutfall er greitt annars vegar í tekjutengdar bætur og síðan hversu mikið fall er frá launum fyrir atvinnuleysi og niður í hámarksbætur eftir tekjutengda mánuði*". Í því sambandi bendir ráðuneytið á að í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar hvað varðar greiðslu tekjutengdra atvinnuleysisbóta eða skilyrði fyrir slíkum greiðslum en samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru meðaltekjur þeirra sem fengu greiddar tekjutengdar atvinnuleysisbætur í mars sl. samtals um 796 þús. kr. á ávinnslutímabili. Meðalfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta sem greiddar voru í marsmánuði sl. var 494.262 kr. Þá er fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta 383.870 kr. árið 2026.

Vinnumarkaðsúrræði

Í beiðni velferðarnefndar til ráðuneytisins, dags. 27. mars sl., er óskað eftir upplýsingum um þátttöku atvinnuleitenda í vinnumarkaðsúrræðum. Í því sambandi bendir ráðuneytið á að einstaklingum í atvinnuleit býðst víðtæk ráðgjafarþjónusta hjá Vinnumálastofnun. Ýmiss konar upplýsingagjöf er veitt varðandi náms- og starfsval og boðið er upp á áhugasviðsgreiningu, aðstoð við gerð ferilskrár og hagnýt ráð varðandi atvinnuleit. Ráðgjöf Vinnumálastofnunar er stigskipt eftir því hve lengi viðkomandi atvinnuleitandi hefur verið án atvinnu og mati á þjónustuþörf en eitt helsta markmið Vinnumálastofnunar er að koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi eins og frekast er unnt. Mikilvægt þykir að forgangsraða úrræðum til þeirra sem þurfa mest á þeim að halda og veita viðeigandi úrræði sem fyrst til að sporna gegn langtímaatvinnuleysi. Jafnframt þykir mikilvægt að forðast að veita óþarfa þjónustu til þeirra sem eru sjálfbjarga í atvinnuleit. Ráðuneytið ítrekar í því sambandi það sem fram hefur komið þess efnis að reynslan hefur sýnt að flestir atvinnuleitendur séu sjálfbærir í sinni atvinnuleit. Þegar litið er til tölulegra gagna síðastliðinna þriggja ára má sjá að almennt hafi rúmlega 60% atvinnuleitenda verið skráðir af atvinnuleysisskrá eftir 6 mánuði innan kerfisins og um 90% atvinnuleitenda eftir 18 mánuði innan kerfisins.

Líkt og fram kemur í fyrrgreindu minnisblaði ráðuneytisins til velferðarnefndar, dags. 26. mars. sl., er ekki sérstaklega kveðið á um vinnumarkaðsaðgerðir í frumvarpinu, enda eru einstakar vinnumarkaðsgerðir almennt ekki festar í lög en Vinnumálastofnun annast skipulag vinnumarkaðsúrræða á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Þá er jafnframt kveðið á um þátttöku atvinnuleitenda í vinnumarkaðsúrræðum í reglugerð um vinnumarkaðsúrræði.

Ráðuneytið bendir á að skv. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir skiptast þau vinnumarkaðsúrræði sem Vinnumálastofnun skipuleggur í eftirfarandi flokka;

- einstök námskeið, svo sem námskeið um gerð starfsleitaráætlunar eða sjálfstyrkingu og námskeið til að bæta tiltekna færni,
- starfsúrræði, þ.e. starfskynningu, starfsþjálfun og reynsluráðningu,
- ráðgjöf samhliða námskeiðsþátttöku og reynsluráðningu,
- námsúrræði,
- starfsendurhæfingu,
- starfsendurhæfingu einstakra hópa
- stuðning við atvinnuleitendur sem eiga rétt á hlutaörorkulífeyri á grundvelli laga um almannatryggingar.

Úrræði fyrir einstaklinga sem teljast tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins, sem kveðið er á um í fyrrgreindri reglugerð um vinnumarkaðsúrræði, eru eftirfarandi;

- ráðning með styrk,
- námssamningur,
- styrkur til atvinnuleitanda vegna þátttöku í starfstengdu námi eða námskeiði,
- verkþjálfun,
- starfsendurhæfing,
- sjálfboðaliðastarf
- búferlastyrkir.

Ráðningarstyrkir hafa verið árangursríkasta úrræði Vinnumálastofnunar þegar kemur að því að aðstoða atvinnuleitendur aftur út á vinnumarkað. Árangur styrkjanna, mældur sem hlutfall þeirra sem hafa verið ráðnir til starfa með ráðningarstyrk og hafa ekki verið skráðir atvinnuleitendur að nýju innan sex mánaða eftir að tímabili ráðningarstyrks lýkur, hefur verið um 70%.

Atvinnuleysistryggingar samhliða minnkuðu starfshlutfalli

Í erindi velferðarnefndar til ráðuneytisins, dags. 27. mars sl. er óskað eftir upplýsingum um áhrif frumvarpsins eru á *„þann hóp fólks sem er alveg án atvinnu og einnig þann hóp sem er í hlutastarfi og á hlutabótum og sundurliðun á því hve stór þessi hópur er“*. Í því sambandi vísar ráðuneytið til þess sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þess efnis að efni frumvarpsins snerti fyrst og fremst launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem sækja um atvinnuleysisbætur á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar. Ráðuneytið bendir jafnframt á að í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar hvað varðar heimildir atvinnuleitenda til að fá greiddar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi. Þá er þeim breytingum sem lagðar eru til ætlað að gilda um alla atvinnuleitendur en samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun fengu 466 einstaklingar greiddar atvinnuleysisbætur samhliða hlutastarfi í mars sl.

Þá bendir ráðuneytið á það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þess efnis að í ljósi ákvæða 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sé skýrt kveðið á um að stytting bótatímabils atvinnuleysistrygginga eigi eingöngu við um þá einstaklinga sem hefja nýtt bótatímabil eftir að stytting tímabilsins tekur gildi og skerði því ekki rétt þeirra einstaklinga sem þegar hafa hafið nýtingu á bótatímabili innan atvinnuleysistryggingakerfisins þegar stytting bótatímabilsins tekur gildi.

Áhrif á Vinnumálastofnun

Í erindi velferðarnefndar til ráðuneytisins, dags. 27. mars sl., er óskað eftir upplýsingum um áhrif frumvarpsins á Vinnumálastofnun. Í því sambandi bendir ráðuneytið á það sem fram kemur í minnisblaði ráðuneytisins til nefndarinnar, dags. 26. mars. sl., þess efnis að Vinnumálastofnun hafi þegar verið veitt viðbótarfjármagn í því skyni að auka enn frekar snemmtæka íhlutun, stuðla að aukinni virkni atvinnuleitenda og efla eftirlit með greiðslu atvinnuleysisbóta. Jafnframt kemur fram að auk framangreinds hafi rekstur Vinnumálastofnunar verið styrktur með það að markmiði að styðja enn frekar við fólk í atvinnuleit og auka virkni atvinnuleitenda. Þá vísar ráðuneytið til þess sem fram kemur í minnisblaði Vinnumálastofnunar til velferðarnefndar, dags. 25. mars. sl., þess efnis að stofnunin telji sig tilbúna til að hefja innleiðingu á þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Tryggingagjald

Í erindi velferðarnefndar til ráðuneytisins, dags. 27. mars sl., er óskað eftir upplýsingum um hvort *„ríkið hyggist áfram fá tekjur af tryggingagjaldi til sín eða hvort það verði lækkað“*. Í því sambandi bendir ráðuneytið á að um tryggingagjald og ráðstöfun þess er fjallað í lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Líklegt þykir að breytingar hvað varðar innheimtu tryggingagjalds kalli á breytingar á fyrrgreindum lögum en ráðuneytið bendir á að skv. 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands fara Alþingi og forseti Íslands saman með löggjafarvaldið.

Ráðuneytið bendir jafnframt á að fyrrgreind lög um tryggingagjald heyra samkvæmt forsetaúrskurði nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, undir málefnasvið fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Starfshópur um heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar.

Í erindi velferðarnefndar til ráðuneytisins, dags. 27. mars sl., er óskað eftir upplýsingum um ástæður þess að starfshópur um heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar hafi lokið störfum. Í því sambandi bendir ráðuneytið á það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þess efnis að við vinnslu frumvarpsins hafi meðal annars verið litið til samvinnu ráðuneytisins, samtaka aðila vinnumarkaðarins og Vinnumálastofnunar sem fram fór á árunum 2021–2023 í tíð þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðherra í tengslum við endurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar. Er í því sambandi vísað til vinnu nefndar sem skipuð var árið 2021 og falið að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar í heild sinni. Sú vinna stóð yfir þar til í nóvember 2023 en þá var litið svo á að nefndin hefði lokið störfum.

Nefndadeild Alþingis
Tjarnargötu 9
150 Reykjavík

til: velferðarnefndar

30. janúar 2026

Efni: Umsögn um 312. mál á 157. löggjafarþingi

Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.)

Með ofangreindu frumvarpi er meðal annars lagt til að bótatímabil atvinnuleysistrygginga verði stytt um 12 mánuði, úr 30 í 18 mánuði eða um 40%.

Það er algengur misskilningur að atvinnuleysisbætur séu einhverslags "fríðindi" en undirritaður getur vitnað um að svo er alls ekki og vill engum óska þess að þurfa að glíma við atvinnuleysi. Þvert á móti eru atvinnuleysisbætur einfaldlega tryggingarréttindi sem launþegar hafa eignast með því að greitt hafi verið tryggingagjald af launum þeirra til Atvinnuleysistryggingasjóðs (en ekki ríkissjóðs!). Þessu má í raun líkja við það þegar einstaklingur kaupir sér tryggingu á borð við lögbundna brunatryggingu húsnæðis og öðlast gegn greiðslu iðgjalds rétt til ákveðinnar verndar á hinni tryggðu eign.

Með dómi Hæstaréttar Íslands 1. júní 2017 í máli nr. 501/2016 (o.fl.) hefur verið staðfest að réttindi til atvinnuleysistrygginga sem launþegar hafa aflað sér teljist til eignarréttinda.

> *Í dómi Hæstaréttar kom fram að atvinnuleysisbætur væri greiðsla af félagslegum toga, fjárhagsaðstoð, sem í aðalatriðum væri þannig til komin að launamaður hefði áunnið sér rétt til bótanna með því að sinna í þágu launagreiðanda starfi sem tryggingagjald væri greitt af. Krafa um slíkar bætur væri peningakrafa sem fæli í sér fjárhagsleg verðmæti. Í ljósi þessa eðlis kröfunnar var talið að krafan nyti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og teldist því eignarréttindi í skilningi þessara fyrirmæla.*

Samkvæmt þessu telst skerðing þeirra réttinda sem launþegar hafa aflað sér til atvinnuleysistrygginga fela í sér eignaupptöku sem er óheimil án þess að fullt verði komi fyrir eins og það er orðað í 72. gr. stjórnarskrár, að minnsta kosti að því marki sem hinn tryggði hefur ekki þegar nýtt þau réttindi.

Upplýsingar um mögulegt fjárhagslegt umfang slíkrar skerðingar á þessum réttindum koma fram í 6. kafla frumvarpsins um mat á áhrifum þess en þar er áætlað að útgjaldalækkun á árinu 2027 muni nema 1.200 millj. kr. og að útgjaldalækkun á árinu 2028 muni nema 5.700 millj. kr. Eins og gefur að skilja verður þessi "vænti ávinningur" ríkissjóðs hverfandi eftir greiðslu bóta fyrir skerðinguna sem má telja mjög fyrirsjáanlegt að launþegar og samtök þeirra muni sækja fyrir dómstólum með tilheyrandi málskostnaði sem annars myndi sparast með því að falla frá hinni fyrirhuguðu skerðingu.

Fyrir launþega sem hafa ekki þegar aflað sér réttinda í atvinnuleysistryggingakerfinu myndi fyrirhuguð skerðing þeirra réttinda sem þeir gætu áunnið sér líklega ekki ekki fela í sér sambærilega skerðingu á eignarrétti þar sem hún yrði ekki afturvirk. Aftur á móti myndi hún að óbreyttu tryggingagjaldi fela í sér ígildi hækkunar iðgjalda tryggingarinnar þar sem þá myndi aðeins ávinnast 60% af sambærilegum réttindum gegn greiðslu sama iðgjalds. Það jafngildir tæplega 67% hækkun einingaverðs!

Guðmundur Ásgeirsson • gjaldmidill@gmail.com

Þar sem tryggingagjald er í raun ígildi skatts á launagreiðslur myndi fyrirhuguð hækkun þess á hverja einingu réttindaávinnslu samkvæmt frumvarpinu fela í sér í ígildi skattahækkunar. Það fer þvert gegn þeirri yfirlýstu stefnu núverandi ríkisstjórnar að hækka ekki skatta á almenning, a.m.k. ekki umfram verðlagsbreytingar, þar sem slík hækkun einingaverðs er langt umfram það viðmið.

Með ofangreindu frumvarpi er jafnvel gengið enn lengra en mátti ráða af áformum um það og er beinlínis lagt til að Atvinnuleysistryggingasjóður verði lagður niður. Með því er í raun verið að gera þá grundvallarbreytingu á atvinnuleysistryggingakerfinu að breyta því úr raunverulegu tryggingakerfi fjármögnuðu með iðgjöldum í einhverskonar ríkisfjármagnað bótakerfi. Það mun aðeins verða vatn á myllu fordóma í garð atvinnulausra á þeim fölsku forsendum að þau séu einhverskonar "afætur" eða "ölmusuþegar" sem stuðlar að jaðarsetningu og kyndir undir samfélagslegri sundrungu.

Þá kom fram í áformum um frumvarpið að það þyki mikilvægt að grípa atvinnuleitendur sem fyrst í kjölfar atvinnumissis og var fullyrt að aðgerðir sem stjórnvöld hafi gripið til á undanförnum misserum í því skyni að draga úr langtímaatvinnuleysi hér á landi hafi skilað árangri. Þetta er í engu samræmi við reynslu undirritaðs sem atvinnuleitanda sem hefur til dæmis sótt um starf hjá Vinnumálastofnun sjálfri án árangurs, þvert gegn framangreindu markmiði og lögbundnu hlutverki þeirrar stofnunar. Jafnframt hefur svokölluðum vinnumarkaðsúrræðum sem hafa þann yfirlýsta tilgang að koma fólki af atvinnuleysisskrá nýlega verið fækkað með útgáfu reglugerðar um vinnumarkaðsúrræði nr. 935/2025 sem felldi úr gildi fyrri reglugerðir sambærileg efnis og þar með það úrræði sem fram að því var heimilt að veita og kallaðist "þróun eigin viðskiptahugmyndar". Þannig var í raun grafið undan þeim möguleikum sem atvinnulausir höfðu til að komast aftur á vinnumarkað, þvert gegn athugasemdum undirritaðs við drög að umræddri reglugerð (sjá mál nr. S-109/2025 í samráðsgátt).

Samkvæmt öllu framangreindu er óhjákvæmilegt að leggjast gegn ofangreindu efni frumvarpsins þar sem það samræmist hvorki stjórnarskrá né yfirlýstri stefnu núverandi ríkisstjórnar.

- o -

Virðingarfyllst,

Guðmundur Ásgeirsson

Guðmundur Ásgeirsson, lögfræðingur

HÚNAÞING VESTRA

Velferðarnefnd Alþingis
Smiðju
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 2. febrúar 2026
Mál nr. 2601103 U.V.H.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.), 312. mál.

Á 1269. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 2. febrúar 2026 var umsagnarbeiðni um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.) tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Í frumvarpinu er lögð til sú grundvallarbreyting á atvinnuleysisbótakerfinu að bótatími er styttur úr 30 mánuðum í 18 mánuði. Byggðarráð lýsir yfir áhyggjum af áhrifum fyrirhugaðrar breytingar á fjárhag sveitarfélaga þar sem einsýnt er að aðilar sem verða fyrir langtímaatvinnuleysi þurfi fyrr en ella að leita aðstoðar hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Ekki er hægt að sjá á frumvarpinu að mat hafi verið gert á áhrifum breytingarinnar á fjárhag sveitarfélaga. Þvert á móti er tilgreint í 40. gr. frumvarpsins að ráðherra skuli fyrir 31. desember 2027 leggja mat á hvaða áhrif breytingin hefur haft á fjárhag þeirra. Því er gert ráð fyrir að sveitarfélög beri þann kostnað sem kann að falla til vegna breytingarinnar í tvö ár. Í frumvarpinu er heldur ekki tilgreint með hvaða hætti hugsanlegum kostnaðarauka verði þá mætt. Að mati byggðarráðs eru slík vinnubrögð ámælisverð og ekki í samræmi við þá áherslu sveitarfélaga um að meta í öllum tilfellum áhrif lagasetningar á sveitarfélögin í landinu. Slíkt mat þarf að fara fram áður en lögum er breytt og skýra þarf hvernig hið opinbera hyggst bæta sveitarfélögum upp þann kostnaðarauka sem breytingin kann að valda. Hér er því verið að velta kostnaði yfir á sveitarfélögin sem ríkið bæri ella. Byggðarráð leggst því gegn því að frumvarpið nái fram að ganga í óbreyttri mynd.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við velferðarnefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,

SVEITARSTJÓRI HÚNAÞINGS VESTRA

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.

Alþingi

Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2026
2510555 LÍV / 20.0/

Efni: **Umsögn Landssambands íslenzkra verzlunarmanna um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.)** (mál 312, 157. Löggjafarþing 2025-2026)

Landssamband íslenzkra verzlunarmanna (LÍV) leggur ríka áherslu á mikilvægi atvinnuleysistrygginga sem grundvallaröryggiskerfis fyrir launafólk. Réttindin eru ekki sjálfgefin heldur áunnin með þátttöku á vinnumarkaði og veita nauðsynlegt öryggi þegar til atvinnumissis kemur. Þær breytingar sem nú eru boðaðar, um styttingu bótatímabilsins úr 30 mánuðum í 18 mánuði og hert ávinnsluskilyrði, fela í sér alvarlega skerðingu á réttindum launafólks og munu veikja stöðu þeirra sem standa höllustum fæti á vinnumarkaði.

Þau rök að hér sé verið að nálgast það sem gerist á hinum Norðurlöndunum standast ekki skoðun, því nauðsynlegt er að skoða það fjármagn sem lagt er í virkar vinnumarkaðsaðgerðir sem eina heild.



Heimild: OECD

Árið 2019 tók ASÍ atvinnuleysistryggingar til umfjöllunar í skýrslunni Íslenskur vinnumarkaður 2019. Þar kom m.a. fram að á árunum 2016-2019 var að jafnaði einungis 30-40% þátttaka í úrræðum, þ.e. meirihluti tók ekki þátt. OECD hefur í umfjöllunum sínum um Ísland ítrekað bent á að misræmi milli menntunar og starfa sé hátt á Íslandi. Á tímum tæknibreytinga er einnig lögð vaxandi áhersla á að atvinnuleysistryggingar og virkar vinnumarkaðsaðgerðir styðji við bætta færni í takt við þarfir vinnumarkaðar, t.d. með endur- og símenntun. OECD hefur einnig lagt áherslu á að atvinnuleysistryggingakerfið þurfi að koma betur til móts við þarfir innflytjenda sem síður hafa tengslanet á vinnumarkaði og þar þurfi úrræði, námskeið og tungumálakennsla að vera betur sniðin að þörfum þeirra.

Af þessum sökum telur Landssamband íslenzkra verslunarmanna nauðsynlegt að horfa á heildarmyndina og ef ætlunin sé að leggja áherslu á virkar vinnumarkaðsaðgerðir verði að fylgja með fjármagn til þeirra aðgerða. Skortur á þeim gögnum sem notuð eru til grundvallar þeim breytingum sem lagðar eru fram í frumvarpinu gera það að verkum að mjög erfitt er að leggja mat á forsendur þess. Það er hins vegar ekki erfitt að bera saman vinnumarkað á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum. Íslenskur vinnumarkaður einkennist af meiri sveigjanleika en þar er raunin og ein helsta undirstaða þess er framkvæmd atvinnuleysistrygginga á Íslandi. Sé það sérstakt markmið stjórnvalda að færa íslenskan vinnumarkað nær því sem gerist á hinum Norðurlöndunum, telur LÍV að horfa þurfi heilstætt á allar hliðar íslensks vinnumarkaðar og meta þá kosti sem hann býr yfir. Þrátt fyrir að atvinnuleysi fari vaxandi er atvinnuleysi almennt lágt á Íslandi og langtímaatvinnuleysi líka. Því er ástæða til að vara við því að ráðast í illa rökstuddar breytingar á kerfi sem virkar ágætlega.

Stuðningur við atvinnuleitendur í formi vinnumiðlunar, ráðgjafar og úrræða sem viðhalda virkni, efla einstaklinginn og vinnufærni hans eru ein grunnstoð atvinnuleysistryggingakerfisins. Í umræðu og stefnumótun á sviði atvinnuleysistrygginga á alþjóðavísu er aukin áhersla lögð á þetta hlutverk atvinnuleysistrygginga, þ.e. vinnumiðlun, ráðgjöf til starfsþróunar, sí- og endurmenntun. Ekki þarf annað en skoða upplýsingagjöf fyrir atvinnuleitendur á hinum Norðurlöndunum til þess að sjá þann mun sem er á okkar vinnumarkaði og þess sem þar tíðkast. Þegar horft er til þeirra vinnumarkaðsaðgerða sem þekkjast á hinum Norðurlöndunum er erfitt að draga aðra ályktun en þá að hér sér byrjað á röngum enda.

Auk þess sýnir reynslan að framboð atvinnu minnkar hratt á samdráttarskeiðum sem ósjaldan standa lengur en 18 mánuði. Áhersla á að koma atvinnuleitanda fljótt aftur í starf er að jafnaði árangursríkasta úrræðið til virkni. Við ákveðnar aðstæður, t.d. við litla vinnuaflseftirspurn á samdráttarskeiðum eða þegar ákveðið misræmi ríkir t.d. vegna tæknibreytinga, getur hins vegar verið árangursríkara að tryggja aðgengi að fjölbreyttum mennta- og færniúrræðum til að styrkja stöðu einstaklings á vinnumarkaði til lengri tíma. Það er því undarleg forgangsröðun að á sama tíma og hagkerfið kólnar hratt og farið er að gæta áhrifa tæknibreytinga á fjölda starfa félagsfólks í LÍV, sé ætlunin að stytta bótatímabil atvinnuleysistrygginga, án þess að fyrir liggi áætlun um virkniúræði.

LÍV leggur til að frumvarpi þessu verði vísað aftur til ríkisstjórnar til nánari vinnslu og þá í samráði við verkalýðshreyfinguna, líkt og hefð er fyrir þegar um vinnumarkaðstengd réttindi er að ræða. Að þvinga í gegn breytingar á atvinnuleysistryggingum án slíks samráðs skapar hættulegt fordæmi til framtíðar.

Landssamband íslenzkra verzlunarmanna óskar eftir því að fá að gera frekari grein fyrir afstöðu LÍV á fundi velferðarnefndar Alþingis.

Eiður Stefánsson
Formaður LÍV

PERSÓNU VERND

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 11. febrúar 2026
Tilvísun: 2026010216/K.J.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir

Persónuvernd vísar til frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (þskj. 436, 312. mál á 157. löggjafarþingi) sem er nú til umfjöllunar hjá velferðarnefnd.

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar sem lúta meðal annars að styttingu bótatímabils atvinnuleysistrygginga, breyttum lágmarksskilyrðum fyrir rétti til atvinnuleysistrygginga og breyttri og einfaldaðri stjórnsýslu atvinnuleysistrygginga.

Persónuvernd skilaði umsögn við drög að frumvarpinu, dags. 29. október 2025, þegar þau voru í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. S-206/2025). Ekki er að sjá að tekið hafi verið tillit til þeirra athugasemda sem þar voru gerðar og eru þær því ítrekaðar. Umsögnin er meðfylgjandi.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við frumvarpið en verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

Þórður Sveinsson Konráð Jónsson

Hjálagt:

Afrit af umsögn Persónuverndar um drög að fyrirliggjandi frumvarpi, dags. 29. október 2025

PERSÓNU VERND

Félags- og húsnæðismálaráðuneyti

Reykjavík, 29. október 2025
Tilvísun: 2025102201/K.J.

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir

1.

Persónuvernd vísar til draga félags- og húsnæðismálaráðuneytisins að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, sem voru birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 15. október sl. (mál nr. S-206/2025).

Með drögunum eru lagðar til ýmsar breytingar sem lúta meðal annars að styttingu bótatímabils atvinnuleysistrygginga, breyttum lágmarksskilyrðum fyrir rétti til atvinnuleysistrygginga og breyttri og einfaldaðri stjórnsýslu atvinnuleysistrygginga.

Með 4. gr. draganna er lagt til að færa til heimild sem er í 4. mgr. 9. gr. núgildandi laga um atvinnuleysistryggingar nr. 65/2006 yfir í nýja 9. gr. a, en 1. mgr. þeirrar lagagreinar felur í sér víðtæka heimild Vinnumálastofnunar til söfnunar persónuupplýsinga frá ýmsum stofnunum til að Vinnumálastofnun geti rækt hlutverk sitt samkvæmt lögunum. Jafnframt er lagt til, samkvæmt tillagðri 3. mgr. 9. gr. a, að bæta við heimild fyrir Vinnumálastofnun „til vinnslu upplýsinga með Skattinum, Tryggingastofnun, Hagstofu Íslands og viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og skólum á háskólastigi“ til að kanna afdrif þeirra sem hafa fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysistrygginga, að því marki sem nauðsynlegt er, en um er að ræða nýmæli.

Í 4. mgr. 9. gr. a. frumvarpsdraganna er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun beri að upplýsa umsækjanda um upplýsingaöflun samkvæmt ofannefndum lagagreinum, í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679. Þessi skylda hafði verið lögð á Vinnumálastofnun samkvæmt núgildandi lögum að því er varðar núgildandi 4. mgr. 9. gr. en lagt er til að hún nái til tillagðrar 3. mgr. 9. gr. a einnig.

Þá er með 44. gr. draganna lagt til að bætt verði við heimild til að afla upplýsinga frá Skattinum í 1. mgr. 7. gr. a laga um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006 sem gefur Vinnumálastofnun heimild til að afla upplýsinga frá hinum ýmsu aðilum vegna vinnslu umsókna atvinnuleitenda um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum eða framkvæmdar vinnumarkaðsúrræða og vinnumiðlunar samkvæmt lögunum.

2.

Persónuvernd bendir á að ef líklegt er að tiltekin tegund vinnslu persónuupplýsinga geti haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, einkum með hliðsjón af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar, skal ábyrgðaraðili láta fara fram mat á áhrifum fyrirhugaðra vinnsluaðgerða á

vernd persónuupplýsinga áður en vinnslan hefst samkvæmt nánari fyrirmælum 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679. Í b-lið 3. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar segir að þess skuli einkum krafist að fram fari mat á áhrifum á persónuvernd þegar um er að ræða umfangsmikla vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, en eins og að ofan greinir er fyrirhugað að slík vinnsla fari fram, sbr. b-lið 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018, sjá einnig auglýsingu nr. 828/2019 um skrá yfir vinnsluaðgerðir sem krefjast ávallt mats á áhrifum á persónuvernd.

Loks segir í 10. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar að *ef vinnsla fari fram á grundvelli lagaheimildar, þar sem mat á áhrifum lagasetningar á persónuvernd einstaklinganna hafi þegar farið fram, sé ekki nauðsynlegt að matið sé endurtekið.*

Þó að um sé að ræða enga efnisbreytingu frá fyrri lögum að því er varðar tillagða 1. mgr. 9. gr. a í lögum nr. 65/2006, og litla breytingu á 7. gr. a í lögum nr. 55/2006, telur Persónuvernd að gagnlegt væri að framkvæma mat á áhrifum þessara lagagreina á persónuvernd, þar sem það hefur ekki verið framkvæmt áður svo vitað sé og um er að ræða umfangsmikla gagnavinnslu, meðal annars á viðkvæmum persónuupplýsingum. Þá telur Persónuvernd æskilegt að fram fari mat á áhrifum tillagðrar 3. mgr. 9. gr. a laga nr. 55/2006 á persónuvernd, þar sem um er að ræða umfangsmikla vinnslu á m.a. viðkvæmum persónuupplýsingum og samkeyrslu og sameiningu gagnasafna.

Forsendur matsins á ofangreindum lagagreinum og niðurstöður þess ættu að koma fram í lögskýringargögnum með frumvarpi því sem verður lagt fram á Alþingi.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við drögin að svo stöddu en Persónuvernd mun eftir atvikum gera ítarlegri athugasemdir síðar, gefist tilefni til.

F.h. Persónuverndar,

Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Konráð Jónsson

Fullgild rafræn undirskrift
RANNVEIG EINARSDÓTTIR
2026-02-09 15:39:04 GMT
Ástæða: Undirskrift

Reykjavík

Alþingi
Nefnda- og greiningarsvið
101 Reykjavík

Reykjavík, 9.febrúar 2026
VEL25090079

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.). Þingskjal 436-312.mál.

Vísað er til erindis nefnda- og greiningarsviðs Alþingis sem barst Reykjavíkurborg þann 28. janúar 2026 varðandi umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir.

Fram kemur í frumvarpinu að hámarkslengd tímabils sem atvinnuleysistryggingar eru greiddar verði stytt um 12 mánuði þannig að heimilt verði að greiða atvinnuleysistryggingar í samtals 18 mánuði í stað 30 mánaða líkt og nú er samkvæmt gildandi lögum.

Þá hefur verið lagt til að lágmarksskilyrði fyrir ávinnslu atvinnuleysistrygginga verði að viðkomandi atvinnuleitandi hafi starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. 12 mánuði á ávinnslutímabili en samkvæmt gildandi lögum kann atvinnuleitandi að hafa áunnið sér hlutfallslegan rétt eftir að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í þrjá mánuði.

Reykjavíkurborg telur ljóst að tilvitnuð áform muni fyrirsjáanlega hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög og því sé skylt samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að hlutast til um að fjárhagslegt mat á áformunum fari fram. Leiði slíkt mat í ljós kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin þurfi að tryggja þeim aukna tekjustofna til þess að standa undir honum.

Af hálfu Reykjavíkurborgar er eftirfarandi athugasemdum komið á framfæri:

Ljóst er að mikil óvissa ríkir um þann kostnað sem sveitarfélög munu bera með breytingum á atvinnuleysistryggingakerfinu. Reykjavíkurborg styður aðgerðir sem miða að því að auka virkni atvinnuleitenda og auðvelda endurkomu á vinnumarkað. Aftur á móti er fyrirsjáanlegt að það frumvarp sem nú liggur fyrir um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar muni hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga auk þess sem þjónusta við atvinnuleitendur muni að einhverju marki flytjast frá ríki til sveitarfélaga. Afar mikilvægt er því að fram fari lögbundið mat á fjárhagslegum áhrifum þessara áforma, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Óvissa ríkir um þann fjölda, sem með breyttu fyrirkomulagi atvinnuleysistryggingakerfisins, mun þurfa á fjárhagsaðstoð að halda frá Reykjavíkurborg. Lýst er yfir verulegum áhyggjum af því að komi til þess að virkniúrræði ríkisins, í samspili við fyrirhugaðar aðgerðir, fækki ekki verulega þeim fjölda sem þarf á fjárhagsaðstoð að halda muni aðgerðirnar fela í sér hreinan

flutning á kostnaði frá ríki yfir til sveitarfélaga. Þá er einnig ítrekað að virkniúrræði þurfa að vera aðgengileg fyrir þá sem falla út af vinnumarkaði.

Reykjavíkurborg telur að fyrirhugaðar breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu muni hafa veruleg áhrif á starfsemi og fjárhag sveitarfélaga. Með breytingunum er gert ráð fyrir að lengja lágmarks ávinnslutímabil atvinnuleysistrygginga úr þremur mánuðum í tólf og stytta bótaréttartímabil úr 30 mánuðum í 18 mánuði. Svo umfangsmiklar breytingar hafa ekki verið gerðar áður og engin gögn liggja fyrir sem gera það kleift að meta raunveruleg áhrif þeirra á sveitarfélög.

Reykjavíkurborg bendir á að þegar einstaklingar missa rétt til atvinnuleysisbóta flyst framfærslubyrðin óhjákvæmilega yfir á sveitarfélög, sem samkvæmt lögum bera skyldu til að tryggja öllum nauðsynlega framfærslu. Þetta mun koma til með að auka álag á félagsþjónustu sveitarfélaga, einkum á sviði fjárhagsaðstoðar, sérstaks húsnæðisstuðnings, ráðgjafar og virkniúrræða. Í greinargerð með frumvarpinu er fullyrt að breytingarnar hafi ekki veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga, þar sem aðeins 9% þeirra sem hafa fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysisbóta hafi leitað fjárhagsaðstoðar í janúar árið 2025. Reykjavíkurborg telur þessa framsetningu óraunhæfa. Matið byggir á einum tímapunkti sem getur ekki endurspeglað raunverulegt umfang yfir ársferil eða þá fjölbreyttu stöðu atvinnulausra einstaklinga, sem geta verið í ýmsum úrræðum áður en þeir leita til sveitarfélaga.

Þá er af hálfu Reykjavíkurborgar gerð sú athugasemd að forsendur byggja á lágu stöðugu atvinnuástandi en forsendur mats á áhrifum breytinganna gera ráð fyrir 3,8-4% atvinnuleysi. Atvinnuleysi á Íslandi er hagsveiflubundið og getur aukist skarpt vegna efnahagslegra eða ytri þátta, svo sem heimsfaraldra, efnahagskreppu eða hnignunar í einstökum atvinnugreinum. Reynslan sýnir að aukið atvinnuleysi leiðir jafnan til þess að fleiri einstaklingar þurfa að leita til félagsþjónustu sveitarfélaga og því er ekki unnt að gera ráð fyrir að áhrif breytinganna verði stöðug og hófleg.

Af hálfu Reykjavíkurborgar er jafnframt talið að breytingarnar feli mögulega í sér tilfærslu kostnaðar frá ríki til sveitarfélaga. Í greinargerðinni er áætlað að ríkissjóður spari um 6 milljarða króna árlega vegna frumvarpsins en hvorki er sýnt fram á hvernig þessi sparnaður er reiknaður né hvort tekið sé mið af því að hluti útgjalda flytjist einfaldlega yfir til sveitarfélaganna. Ef sveitarfélög þurfa að bera kostnað vegna fjárhagsaðstoðar, húsnæðisstuðnings og ráðgjafar í stað atvinnuleysisbóta er í raun ekki um samfélagslegan sparnað að ræða heldur tilfærslu útgjalda frá ríki til sveitarfélaga.

Að auki vekur Reykjavíkurborg athygli á áhrifum breytinganna fyrir erlenda starfsmenn sem starfa tímabundið á íslenskum vinnumarkaði, þ.e. skemur en 12 mánuði. Greitt hefur verið vegna þessara einstaklinga í Atvinnuleysistryggingasjóð en þeir uppfylla ekki nýju skilyrðin. Þeir munu missa bótarétt sinn og munu því eiga rétt á að fá greidda fjárhagsaðstoð frá viðkomandi sveitarfélagi.

Að mati Reykjavíkurborgar stenst mat stjórnvalda á fjárhagslegum áhrifum frumvarpsins ekki kröfur samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Farið er fram á að fram fari ítarleg og gagnadrifin greining á áhrifum lagabreytinganna á sveitarfélög. Slíkt mat þarf að taka mið af mismunandi hópum atvinnuleitenda, sérstaklega þeim sem eru með félagslegan vanda, breytilegu atvinnuástandi, aukinni þjónustuþörf og áhrifum á sveitarfélög. Að öðrum kosti er hætta á að breytingarnar leiði til fjárhagslegrar byrðar á sveitarfélögin án þess að þau fái viðeigandi

mótframlög frá ríkinu.

Reykjavíkurborg ítrekar að mat stjórnvalda á áhrifum frumvarpsins uppfyllir ekki kröfur 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Mat áhrifanna tveimur árum eftir að lögin hafa tekið gildi, samkvæmt 40 .gr. frumvarpsins, kemur ekki í stað lögbundins mats sem stjórnvöldum ber að framkvæma. Áður en frumvarpið verður afgreitt þarf að liggja fyrir ítarlegt, gagnadrifið mat á áhrifum á sveitarfélög, sem tekur mið af mismunandi sviðsmyndum hvað varðar atvinnuleysi, þ.e ólíkum hópum atvinnuleitenda og raunverulegri þjónustuþörf ásamt afdrifum einstaklinga eftir lengra tímabil frá lokum bótaréttar. Að öðrum kosti er veruleg hætta á að breytingarnar leiði til aukins fjárhagslegs og rekstrarlegs álags á sveitarfélög án þess að þeim fylgi viðeigandi mótframlög frá ríkinu.

Á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar sem haldinn var þann 1. október 2025 var lögð fram umsögn Reykjavíkurborgar, dags. 19. september 2025, um áform um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Á fundinum voru lagðar fram eftirfarandi bókanir:

Velferðarráð hefur áhyggjur af fyrirhuguðum breytingum á réttindum til atvinnuleysisbóta og óskar ráðið eftir því að fulltrúi ráðuneytisins komi inn á fund velferðarráðs og kynni ráðinu fyrirhugaðar breytingar og þau virkni- og endurhæfingarúrræði sem sem eru á á laggirnar samhliða þessum breytingum.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að styðja við þau sem eru án atvinnu og tryggja að viðeigandi stuðningur sé til staðar. Hvað varðar fyrirhugaðar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar þá telur Reykjavíkurborg ljóst að tilvitnuð áform muni fyrirsjáanlega hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög. Stytting bótatímabils og breytingar á skilyrðum eru líkleg til að leiða til þess að fleiri leiti stuðnings sveitarfélaga í formi fjárhagsaðstoðar. Samstarfsflokkarnir í velferðarráði ítreka að ráðherra sé skylt samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að hlutast til um að fjárhagslegt mat á áformunum fari fram. Leiði slíkt mat í ljós kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin þarf að tryggja sveitarfélögunum aukna tekjustofna til þess að standa undir honum. Samstarfsflokkarnir í velferðarráði telja það þurfa að koma fram með skýrari hætti hvernig eigi að grípa fólk fyrr sem þarf á stuðningi á að halda.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fyrirhuguð stytting á tímabili greiðslu atvinnuleysisbóta er til þess fallin að skerða fjárhagslega hagsmuni sveitarfélaga, þar á meðal Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að borgin sinni hagsmunagæslu í þessu máli af fullum þunga. Það sama ætti Samband íslenskra sveitarfélaga að gera. Þegar drög að lagafrumvarpi um þetta efni liggja fyrir þarf að virkja samtakamátt sveitarfélaga og tryggja að ríkið sé ekki enn og aftur að velta kostnaði yfir á sveitarfélögin án þess að fé fylgi.

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar auk þess sem fulltrúar Reykjavíkurborgar munu koma fyrir þingnefnd, ef óskað er, til að gera frekari grein fyrir því sem fram kemur í umsögninni.

Virðingarfyllst,
f.h. Reykjavíkurborgar,

Rannveig Einarsdóttir,
sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Fullgild rafræn undirskrift
RANNVEIG EINARSDÓTTIR
2026-04-22 10:39:14 GMT
Ástæða: Undirskrift

Velferðarnefnd Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2026

Beiðni um frekari upplýsingar um fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg

Vísað er til fundar velferðarnefndar Alþingis sem haldinn var miðvikudaginn 15. apríl 2026, en þar var óskað eftir frekari upplýsingum frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar er varðar fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Samkvæmt 10. gr. reglna um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar er grunnupphæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu eftirfarandi:

- fyrir einstakling sem býr í hjá foreldri/um kr. 129.976,- á mánuði
- fyrir einstakling sem býr einn kr. 259.951,- á mánuði
- fyrir einstakling sem býr með öðrum kr. 219.021,- á mánuði
- fyrir hjón kr. 415.922,- mánuði

Vert er að taka fram að samkvæmt reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg skerða allar eignir umfram húsnæði og bifreið rétt til fjárhagsaðstoðar til framfærslu, inneignir í banka þar með talið. Eignir hjóna eru ávallt reiknaðar saman. Því er hætta á að hluti af þeim sem missa bótarétt sinn til atvinnuleysisbóta eftir 18 mánuði eigi ekki rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu. Umtalsverður munur er á upphæðum fjárhagsaðstoðar til framfærslu og heimildargreiðslna milli sveitarfélaga sem gerir samanburð erfiðan.

Hér fyrir neðan eru umbeðnar upplýsingar settar fram í mynda- og töfluformi.

Reykjavík

Mynd 1. Þróun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar til framfærslu sveitarfélaga frá 2016-2024



	1.1.2016	1.1.2017	1.5.2018	1.1.2019	1.1.2020	1.1.2021	1.1.2022	1.1.2023	1.1.2024
Reykjavíkurborg	180.550	184.883	189.875	201.268	207.709	212.694	217.799	228.689	239.895
Kópavogsbær	161.723	165.604	181.500	186.764	191.807	198.712	208.337	227.790	246.042
Hafnarfjörður	161.723	165.600	177.600	185.000	190.550	197.200	206.752	226.056	244.152
Mosfellsbær	162.000	165.000	177.600	182.750	187.319	196.685	204.552	221.183	238.818
Akureyri	154.624	157.567	160.510	166.504	184.208	195.258	200.521	219.244	236.795
Garðabær	159.361	162.702	185.000	191.015	196.117	202.961	212.791	232.660	251.285
Skagafjörður	151.034	161.643	178.110	229.370	229.370	237.398	252.093	252.238	281.280

Mynd 1 Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Tafla1. Fjöldi einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg í febrúar 2023-2026, eftir atvinnustöðu og ríkisfangi

Ríkisfang	Atvinnustaða	Febrúar 2023	Febrúar 2024	Febrúar 2025	Febrúar 2026
Erlent	Atvinnulaus	719	601	449	574
	Óvinnufær	119	131	115	109
	*Annað	78	102	121	100
Erlent alls		**916**	**834**	**685**	**783**
Íslenskt	Atvinnulaus	231	205	170	137
	Óvinnufær	383	360	281	235
	Annað*	30	28	20	18
Íslenskt alls		**644**	**593**	**471**	**390**
Heildarsumma		**1560**	**1427**	**1156**	**1173**

*Annað t.d. nemar, elli/lífeyrisþegar, hlutastarf, fæðingarorlof

Reykjavík

Tafla 2. Fjöldi einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg sem eru ekki í samræmdri móttöku flóttafólks

Febrúar 2026	Ríkisfang		
Atvinnustaða	**Erlent**	**Íslenskt**	**Heildarsumma**
Atvinnulaus	184	137	321
Óvinnufær	76	235	311
Annað*	47	18	65
Heildarsumma	**307**	**390**	**697**

Febrúar 2025	Ríkisfang		
Atvinnustaða	**Erlent**	**Íslenskt**	**Heildarsumma**
Atvinnulaus	169	170	339
Óvinnufær	69	281	350
Annað*	31	20	51
Heildarsumma	**269**	**471**	**740**

Febrúar 2024	Ríkisfang		
Atvinnustaða	**Erlent**	**Íslenskt**	**Heildarsumma**
Atvinnulaus	258	205	463
Óvinnufær	85	360	445
Annað*	37	28	65
Heildarsumma	**380**	**593**	**973**

*Annað t.d. nemar, ellilífeyrisþegar, hlutastarf, fæðingarorlof

Tafla 3. Fjöldi atvinnulausra einstaklinga með fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg eftir því hve marga mánuði þeir hafa fengið fjárhagsaðstoð (febrúar 2023-2026)

Fjöldi mánaða með fjárhagsaðstoð sl. 12 mánuði	**Feb. 2023**	**Feb. 2024**	**Feb. 2025**	**Feb. 2026**
1	130	115	57	82
2	95	107	55	99
3	85	67	36	79
4	99	54	46	77
5	76	44	51	69
6	67	46	29	41
7	47	29	37	21
8	31	40	35	30
9	51	23	29	42
10	43	27	28	37
11	38	47	31	24
12+	188	207	185	110
Heildarsumma	**950**	**806**	**619**	**711**

Mynd 2. Fjöldi atvinnulausra í Reykjavík og fjöldi atvinnulausra með fjárhagsaðstoð eftir mánuðum febrúar 2023 – febrúar 2026.

Mynd 3. Fjöldi atvinnulausra með fjárhagsaðstoð til framfærslu í Reykjavík eftir ríkisfangi október 2025 – febrúar 2026.



Reykjavík

Tafla 4. Íbúafjöldi 18 - 67 ára og fjöldi atvinnulausra eftir sveitarfélögum höfuðborgarsvæðis í janúar 2026.

	Fjöldi atvinnulausra í janúar 2026	Fjöldi íbúa 18 - 67 ára eftir sveitarfélögum 1. jan. 2026	Hlutfall atvinnulausra af íbúum sveitarfélags 18-67 ára 1. jan. 2026
Reykjavík	4.082	94491	4,32%
Kópavogur	880	25464	3,46%
Seltjarnarnes	81	2728	2,97%
Garðabær	320	12764	2,51%
Hafnarfjörður	788	21193	3,72%
Mosfellsbær	245	8851	2,77%

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum verða þær góðfúslega veittar.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir,
sviðsstjóri velferðarsviðs

Reykjavík

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. febrúar 2026

2602001SA VRB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp um atvinnuleysistryggingar, 312. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis, dags. 29. janúar, þar sem óskað er eftir umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, 312. mál.

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á gildandi lögum. Er þar m.a. verið að stytta bótatímabil atvinnuleysistrygginga og einfalda stjórnsýslu.

Afstaða Sambandsins

Á Íslandi á að jafnaði ekki að þurfa lengra bótatímabil atvinnuleysistrygginga en á hinum Norðurlöndunum, eða að minni kröfur séu gerðar hvað varðar atvinnuþátttöku þeirra sem geta talist tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Horft út frá einstaklingum sem lenda í atvinnuleysi þá eiga þeir rétt á góðum stuðningi við atvinnuleit og að markvisst sé dregið úr líkum á langri fjarveru þeirra frá vinnumarkaði. Langvarandi atvinnuleysi fylgir töpuð þekking og færni og dregur úr líkum á ráðningu. Þannig rýrir það mannauð sem hefur neikvæð samfélagsleg og efnahagsleg áhrif. Hátt atvinnustig er einn af styrkleikum íslenska þjóðarbúsins og vísir fyrir sterkari vöxt lífskjara.

Þó er fyrirséð að ákveðnar tillögur í frumvarpinu, þ.e. breytt lágmarksskilyrði, stytt bótatímabil og lögfesting desemberuppbótar, koma til með að hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga og vegur stytting bótatímabilsins þar þyngst. Erfitt er að spá með nákvæmni fyrir um áhrifin enda velta þau aðallega á atvinnuástandi hvers tíma og hversu vel verður staðið að stuðningi við þann hóp sem er líklegur til að verða lengi án atvinnu.

Atvinnuleysi á Íslandi er að öllu jöfnu lágt og mikill meirihluti atvinnulausra er afskráður af atvinnuleysisskrá á innan við 18 mánuðum, eða 90,8%. Þegar horft er til einstaklinga sem fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins (30 mánuði) þá fer meirihluti þeirra í vinnu (55%), um 20% fær greiddar aðrar staðgreiðsluskyldar greiðslur og 9% fer á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sbr. tölu frá Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnun. Allt eru þetta mikilvægar forsendur en áhrifamat af frumvarpinu fyrir sveitarfélögin er afar næmt fyrir því hversu margir þeirra sem fullnýta bótarétt sinn (þá 18 mánuði) fara aftur í vinnu og hversu margir enda á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Ef vel verður staðið að stuðningi við atvinnuleitendur um allt land, meirihluti þeirra sem fullnýta rétt sinn fer í vinnu og aðeins lítill hluti þeirra endar á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga þá munu breytingarnar ekki hafa merkjanleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga. Ef þessar forsendur ganga hins

vegar ekki eftir er hætta á því að áhrifin á fjárhag sveitarfélaga verði umtalsvert meiri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, sbr. umfjöllun í kafla um mat á áhrifum.

Í gegnum samráðsferli frumvarpsins hafa einstök sveitarfélög og samtök þeirra lýst yfir áhyggjum af því að áhrifamat frumvarpsins sé ekki fullnægjandi. Sambandið skilur vel þær áhyggjur en hefur jafnframt skilning á því að erfitt sé að leggja nákvæmt mat á áhrifin enda eru þau háð ákveðnum aðstæðum í framtíðinni líkt og áður hefur verið nefnt. Af þeim sökum óskaði Sambandið eftir því í samráðsferlinu að í frumvarpinu yrði kveðið á um endurskoðun á mati á áhrifum að ákveðnum tíma liðnum. Við því hefur verið brugðist sbr. 40. gr. b í frumvarpinu. Til að tryggja enn betur hagsmuni sveitarfélaganna og stuðla að því að ná sátt um frumvarpið á sveitarstjórnarstiginu leggur Sambandið þó til viðbót við ákvæðið sbr. eftirfarandi skáletrun:

> „Ráðherra skal fyrir 31. desember 2027 leggja mat á hvaða áhrif það hefur haft á fjárhag sveitarfélaga, að breyta lágmarksskilyrðum fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta sem og að stytta það tímabil sem atvinnuleysisbætur eru greiddar úr 30 mánuðum í 18 mánuði samanborið við ætluð áhrif á fjárhag sveitarfélaga. *Komi í ljós að áhrifin eru meiri en gert var ráð fyrir við samþykkt laganna verði sveitarfélögunum bættur sá mismunur.*“

Með vísan til framangrends leggst Sambandið ekki gegn breytingunum í frumvarpinu en grundvallarforsenda þess er að stjórnvöld sinni vel því hlutverki sínu að styðja við alla atvinnuleitendur óháð því hvort þeir fái greiddar atvinnuleysisbætur, og draga úr langri fjarveru einstaklinga frá vinnu. Því hlutverki þarf að sinna um allt land. Til þess þarf jafnframt aukin framlög til virkra vinnumarkaðsaðgerða.

Þá þurfa stjórnvöld að vera við því búin að koma frekar til móts við atvinnuleitendur og eftir atvikum sveitarfélög, þegar atvinnuástand í landinu versnar s.s. með tímabundinni lengingu bótatímabilsins.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur

Samband sveitarfélaga á Austurlandi
Tjarnarbraut 39e · 700 Egilsstaðir · Sími 470 3800 · ssa@ssa.is · www.ssa.is

Skrifstofa Alþingis - nefndarsvið
Bt. velferðarnefndar
Smiðju við Vonarstræti
101 Reykjavík

Austurlandi, 11. febrúar 2026

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.)., 312 mál.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi, SSA, þakkar fyrir tækifæri til að senda inn umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um atvinnutryggingar.

Ljóst er að boðaðar breytingar á frumvarpinu kunna að hafa mikil áhrif á fjárhag sveitarfélaga og kemur þar einkum tvennt til; stytting bótatímabils úr 30 í 18 mánuði og hækkuð lágmarksskilyrði fyrir rétti til atvinnuleysistrygginga úr 3 mánuðum í 12.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki sé gert ráð fyrir að breytt lágmarksskilyrði hafi veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga og vísað til stöðunnar á vinnumarkaði sl. tvö ár. SSA minnir á að versnandi staða er nú á vinnumarkaði og hefur Austurland ekki farið varhluta af því en atvinnuleysi í fjórðungnum hefur ekki verið jafn hátt frá því í covid-faraldrinum. Verði áföll í atvinnulífi byggðalaga geta afleiðingar þess verið langvarandi og gríðarleg áskorun að takast á við. Mat sem byggir á nýliðnum tveimur árum þar sem atvinnuástand hefur verið gott, gefur ekki fullnægjandi mynd af aðstæðum sem sveitarfélög kunna að standa frammi fyrir. Þá minnir SSA á að með því að hækka lágmarksskilyrði fyrir bótarétti í tólf mánuði er þeim sem missa vinnu gert erfiðara fyrir að ávinna sér bótarétt að nýju þar sem vinnu á landsbyggðinni er ekki síst að hafa í árstíðabundnum starfsgreinum, s.s. ferðaþjónustu.

Að framansögðu telur SSA þá breytingu sem gerð hefur verið á frumvarpinu um að áhrif þess á sveitarfélög verði metin fyrir árslok 2027 af hinu góða. Verði niðurstaðan sú að breytingin kalli á aukin fjárútlát sveitarfélaga verður liggja fyrir áætlun um hvernig verði komið til móts við sveitarfélög og mætti nýta til þess hluta sparnaðarins sem gert er ráð fyrir að breytingin skili. Þá minnir SSA á nauðsyn þess að efla aðstoð Vinnumálastofnunar við fólk sem misst hefur atvinnu svo að koma megi í veg fyrir langtímaatvinnuleysi. Þessi aðstoð verður að vera aðgengileg um land allt.

Fh. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,

Bryndís Fiona Ford

Bryndís Fiona Ford
Framkvæmdastjóri SSA

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Smiðju
Tjarnargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2026

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.)

Samtök atvinnulífsins, SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu, Samtök iðnaðarins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu og Viðskiptaráð Íslands (samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (þskj. 436 í máli nr. 312). Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, m.a. er lagt til að hámarkslengd þess tímabils sem atvinnuleysistryggingar eru greiddar verði stytt um tólf mánuði þannig að heimilt verði að greiða atvinnuleysistryggingar í samtals 18 mánuði í stað 30 mánaða. Þá eru lagðar til ýmsar breytingar til einföldunar á stjórnsýslu atvinnuleysistrygginga auk þess sem lagt er til að desemberuppbót atvinnuleysistrygginga verði lögfest.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að aðgerðir stjórnvalda síðastliðin ár til að draga út langtímaatvinnuleysi hafi skilað góðum árangri og hefur hlutfall langtímaatvinnulausra lækkað. Fyrirliggjandi frumvarpi sé ætlað að styðja við áherslur stjórnvalda um einföldun stjórnsýslu, hagræðingun í ríkisrekstri og þátttöku sem flestra á vinnumarkaði.

Samtökin taka undir mikilvægi þess að stuðla að aukinni virkni hjá þeim hópi sem er útsettur fyrir langtímaatvinnuleysi – áhersla atvinnuleysistryggingakerfisins á að vera á aðstoð við endurkomu atvinnuleitenda á vinnumarkaðinn. Rannsóknir hafa sýnt fram á að meðaltímalengd atvinnuleysis helst í hendur við tímalengd atvinnuleysisbóta, en því lengur sem einstaklingar eru fjarverandi af vinnumarkaði þeim mun erfiðari getur endurkoma reynst. Þá má benda á, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, að um 55% þeirra einstaklinga sem fullnýttu rétt sinn til atvinnuleysisbóta á árunum 2023 og 2024 voru orðnir þátttakendur á vinnumarkaði í janúar 2025. Bótatímabil atvinnuleysistrygginga er hvergi jafn langt á Norðurlöndunum og á Íslandi og eðlilegt að það verði fært nær því sem tíðkast í nágrannaríkjum okkar. Þá telja samtökin breytingar á lágmarksskilyrði fyrir rétti atvinnuleysistrygginga vera til bóta.

Samtökin telja aftur á móti varhugavert að desemberuppbót atvinnuleysistrygginga verði lögfest líkt og lagt er til með 13. gr. frumvarpsins, en slíkt jafngildir í rauninni því að grunnbætur atvinnuleysisbóta hækki að jafnaði um 2,5%-3% á mánuði fyrir þá sem fá uppbótina greidda sem kemur til viðbótar við aðrar hækkanir sem kunna að verða á fjárhæð atvinnuleysistrygginga.

Á meðal þeirra breytinga á stjórnsýslu atvinnuleysistrygginga sem fram koma í frumvarpinu er að Atvinnuleysistryggingasjóður verði lagður niður og að kveðið verði á um að kostnaður við framkvæmd atvinnuleysistrygginga lögum samkvæmt greiðist úr ríkissjóði. Samtök atvinnulífsins hafa áður kallað eftir því að Atvinnuleysistryggingasjóður verði lagður niður í núverandi mynd. Aftur á móti telja samtökin afar mikilvægt að tryggt verði fullnægjandi gagnsæi um ráðstöfun atvinnutryggingagjalds og jafnframt að tryggð verði aðkoma aðila vinnumarkaðarins að eftirfylgni með markmiðum um aukna virkni og endurkomu á vinnumarkað.

Áhrif á tryggingagjald

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að áætluð heildarfjárhagsáhrif á ríkissjóð vegna frumvarpsins verði útgjaldalækkun um 5.900 milljónir króna á ársgrundvelli, að teknu tilliti til útgjalda vegna fyrirhugaðrar lögfestingar desemberuppbótar og einskiptiskostnaðar hjá Vinnumálastofnun vegna innleiðingar á þeim breytingum sem felast í frumvarpinu.

Er þannig áætlað að stytting bótatímabils leiði til árlegrar útgjaldalækkunar upp á 6.300 milljónir króna og að útgjaldalækkun vegna þrengri lágmarksskilyrða ávinnslutímabils verði allt að 200 milljónir króna á ári. Áætluð heildarútgjöld vegna desemberuppbótar atvinnuleitenda á árinu 2025 eru um 590 milljónir króna, sem er töluvert hærri upphæð en gert var ráð fyrir í áformaskjali vegna frumvarps sama efnis sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda, en þá var gert ráð fyrir 400 til 450 milljóna króna útgjaldaaukningu vegna desemberuppbótar.

Að mati samtakanna hljóta fyrirhugaðar breytingar að skapa forsendur fyrir lækkun atvinnutryggingagjalds. Atvinnutryggingagjaldið er nú 1,35% af gjaldstofni tryggingagjalds. Miðað við áætlaðar tekjur ríkissjóðs af tryggingagjöldum skv. fjárlögum vegna ársins 2026 ættu að vera forsendur fyrir því að það lækki um hátt í fjórðung úr prósenti vegna þeirra breytinga sem boðaðar eru. Þó ber að hafa í huga að atvinnustig sveiflast með hagsveiflunni. Þannig er atvinnuleysi meira þegar hart er í ári en minna þegar hagkerfið er í þenslu. Til þessara þátta þyrfti að taka tillit við endanlegt mat á svigrúmi til lækkunar atvinnutryggingagjaldsins vegna fyrirhugaðra breytinga á atvinnuleysistryggingum, ekki síst með tilliti til þeirra teikna sem eru á lofti um kólnandi hagkerfi. Aftur á móti má vera ljóst að stytting bótatímabilsins ætti að öðru jöfnu að lækka jafnvægisgjald vegna atvinnutrygginga.

Samtökin hafa fagnað því forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar að hagræða í ríkisrekstri og forgangsraða í opinberri þjónustuveitingu. Að sama skapi hafa samtökin fagnað viðleitni stjórnvalda til að auka verðmætasköpun í atvinnulífinu. Samtökin vilja því eindregið hvetja til þess að stjórnvöld láti athafnir fylgja orðum og sjái til þess að vænt hagræðing af fyrirliggjandi lagafrumvarpi skili sér til atvinnurekenda sem greiða atvinnutryggingagjald.

Að lokum vilja samtökin lýsa sig reiðubúin til frekara samráðs og samtals vegna fyrirhugaðrar lagasetningar.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

f.h. Viðskiptaráðs Íslands

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

f.h. Samtaka verslunar og þjónustu

f.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

hornafjörður náttúrulega!

Umsögn um þingmál

Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir

Umsagnaraðili:	Sveitarfélagið Hornafjörður
Dagsetning:	11.2.2026
Þingmálsnúmer:	312
Heiti máls:	Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.)

Almennt álit

Sveitarfélagið leggur áherslu á að breytingarnar sem um ræði séu útfærðar með þeim hætti að markmiðum um virkni og atvinnuþátttöku sé náð án þess að ófyrirséður kostnaður falli á sveitarfélögin og félagsþjónustu þeirra. Áhyggjur Sveitarfélagsins Hornafjarðar beinast fyrst og fremst að því að stytting bótatímabils og breytingar á lágmarksskilyrðum vegna ávinnslu réttar til atvinnuleysisbóta geti haft kostnaðaraukningu í för með sér fyrir sveitarfélagið. Áhyggjur beinast einnig að því að þjónustu VMST er veitt frá Selfossi sem er í um 500 km. fjarlægð frá Sveitarfélaginu Hornafirði.

Stytting bótatímabils

Í drögunum er gert ráð fyrir að bótatímabil styttist úr 30 í 18 mánuði. Sveitarfélagið telur að þessi breyting geti haft veruleg áhrif á stöðu einstaklinga sem eru lengi án atvinnu, sérstaklega þar sem atvinnumarkaður Sveitarfélagsins Hornafjörður einkennist af árstíðarbundnum sveiflum sökum umsvifa í ferðaþjónustu og sjávarútvegi.
Ef umrædd stytting á ekki að hafa áhrif, þarf að vera tryggt að til staðar séu úrræði til handa atvinnuleysisbótaþegum og eftirfylgni af hálfu VMST. Sveitarfélagið getur ekki séð að þessu frumskilyrði geti verið fullnægt þegar fjarlægðin milli þjónustuveitanda og þeirra sem þiggja þjónustuna er jafn mikil og raun ber vitni. Sveitarfélagið telur að það væri farsælla að innleiða styttingu bótatímabils í skrefum þannig unnt sé að greina það með betri hætti hver raunveruleg áhrif styttingar bótatímabils er og til að VMST hafi svigrúm til að aðlaga þjónustu sína með tilliti til aðstæðna. Með því gæfist tími til að vinna heilstæða áætlun um innleiðingu mótvægisaðgerða og annarra nauðsynlegra úrræða með tilliti til landfræðilegra aðstæðna hvers þjónustusvæðis fyrir sig.

Breytingar á lágmarsskilyrðum vegna ávinnslu réttar til atvinnuleysisbóta

Eins og fram kemur hér að ofan eru ártíðarbundnar sveiflur í atvinnulífi innan sveitarfélagsins töluverðar sökum sviptinga í árstíðarbundnu álagi á ferðaþjónustu sem og í sjávarútvegi. Sveitarfélagið hefur því áhyggjur af því að breyting á 30. gr. laganna um lengingu virkrar atvinnuþáttöku á vinnumarkaði úr sex mánuðum í 12. Ljóst er að margir einstaklingar sem hafa atvinnu af ferðaþjónustu missa vinnuna tímabundið sökum þeirrar ástæðu sem nefnd er hér að ofan. Ef þessir einstaklingar njóta ekki lengur réttar hjá VMST er ljóst að sá hópur mun þurfa að leita til félagsþjónustu sveitarfélaga með auknu tilheyrandi álagi og kostnaði.

Sveitarfélagið telur brýnt að endurskoða þetta ákvæði og horfa til annarra leiða til að mæta þessum hópi. Hægt væri að skoða leiðir þar sem einstaklingar með atvinnuþáttöku milli 6-12 mánaða njóti skemmri bótaréttar eða aðra þrepaskipta nálgun. Því samhliða þyrfti að skoða innleiðingu sérúrræða fyrir þennan hóp með það fyrir augum að stytta bótatímabil þeirra frekar og tryggja að þeir komist sem fyrst út á vinnumarkað aftur og í fasta vinnu.

Akureyrarbær

Umsögn velferðarsviðs Akureyrarbæjar

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.), mál nr. 312, 157. löggjafarþing 2025-2026.

Velferðarsvið Akureyrarbæjar telur margt jákvætt í frumvarpinu og telur mikilvægt að hvetja fólk til virkrar atvinnuleitar. Velferðarsvið telur þó mikilvægt að gera athugasemdir varðandi annars vegar breytingar á lágmarksskilyrði fyrir ávinnslu atvinnuleysistrygginga sem til stendur að verði að viðkomandi atvinnuleitandi hafi starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. 12 mánuði og hins vegar breytingar á hámarkslengd tímabils sem atvinnuleysistryggingar eru greiddar þannig að heimilt verði að greiða atvinnuleysistryggingar í samtals 18 mánuði í stað 30 mánaða líkt og nú er samkvæmt gildandi lögum.

Velferðarsvið leggst í sjálfu sér ekki gegn breytingunum en telur nauðsynlegt að staldra við og meta möguleg áhrif þessara breytinga frekar. Velferðarsvið telur ljóst að fyrrnefndar breytingar munu koma til með að hafa áhrif á bæði fjárhag og starfsemi sveitarfélaga og því er nauðsynlegt að greina þau áhrif áður en fyrirhugaðar lagabreytingar eiga sér stað.

Þegar einstaklingar missa rétt til atvinnuleysisbóta flyst framfærslubyrðin yfir á sveitarfélög, sem samkvæmt lögum bera skyldu til að tryggja öllum nauðsynlega framfærslu. Með styttingu tímabilsins í 18 mánuði munu breytingarnar koma til með að auka álag á félagsþjónustu sveitarfélaga, einkum á sviði fjárhagsaðstoðar, sérstaks húsnæðisstuðnings, ráðgjafar og virkniúrræða. Þá munu breytingar á lágmarksskilyrði fyrir ávinnslu atvinnuleysistrygginga einnig koma til með að auka álag á félagsþjónustu sveitarfélaga, þar sem t.d. erlendir starfsmenn sem koma hingað og ungt fólk að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði koma í einhverjum tilvikum ekki til með að uppfylla skilyrðin og leita þá til félagsþjónustu.

Til að reyna að koma til móts við sveitarfélögin hefur verið lagt til bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um að það skuli leggja mat á áhrif breytinganna á fjárhag sveitarfélaga fyrir 31. desember 2027. Velferðarsvið telur það ekki fullnægjandi lausn, heldur þurfi að meta áhrifin áður en frumvarpið verður að lögum en ekki reyna að leggja til úrbætur þegar mögulegur skaði er þegar skeður. Velferðarsvið telur það sýna skynsemi og ábyrgð að staldra nú við og meta möguleg áhrif breytinganna á fjárhag og starfsemi sveitarfélaga og sömuleiðis greina hvort ekki sé nauðsynlegt að efla þjónustu og úrræði Vinnumálastofnunar enn frekar. Velferðarsvið telur nauðsynlegt að meta þessa þætti áður en áfram er haldið.

Þá telur velferðarsvið rétt að benda á að horfurnar á íslenskum vinnumarkaði eru ekki ýkja góðar þar sem atvinnuleysi hefur verið að aukast undanfarið. Þá er verðbólga að aukast umfram spár. Umræddar breytingar leiða líklega til þess að fleiri einstaklingar þurfi að reiða sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og þannig eru breytingarnar til þess fallnar að auka fátækt, enda er fjárhagsaðstoð sveitarfélaga algjör neyðaraðstoð og ekki um háar fjárhæðir að ræða. Með því að staldra við nú og

meta áhrif frumvarpsins almennilega gæfist einnig tækifæri til að sjá hvernig vinnumarkaðurinn og verðbólgan þróast á næstu mánuðum.

Loks telur Velferðarsvið mikilvægt í þessari umræðu að skoða starfsemi og virkniúrræði Vinnumálastofnunar. Efla þarf virkniúrræðin og starfsemina svo unnt sé að grípa strax þá sem eru nýkomnir á atvinnuleysisbætur og koma þeim í virkni sem allra fyrst. Upplifun velferðarsviðs er sú að það hafi vantað nokkuð upp á það að grípa þennan hóp fólks um leið og ýta á það að fara í virkniúrræði frá upphafi bótatímabilsins. Undanfarin ár hefur hlutverk Vinnumálastofnunar aukist en ef til vill hefur fjármagn eða starfskraftur ekki aukist samhliða. Velferðarsvið telur rétt að skoða nánar starfsemi Vinnumálastofnunar og virkniúrræði á þeirra vegum samhliða fyrirhuguðum lagabreytingum.

Velferðarsvið Akureyrarbæjar mun áfram fylgjast með framvindu málsins og er reiðubúið í áframhaldandi samráð.

Virðingarfyllst,

f.h. velferðarsviðs Akureyrarbæjar,

Halldóra Hauksdóttir, forstöðumaður félagsþjónustu

Velferðarnefnd Alþingis
Smiðja Alþingis, 101 Reykjavík
B.t. Sigríður D. Ásgeirsdóttir

Reykjavík, 25. mars 2026

Efni: Beiðni um minnisblað frá Vinnumálstofnun vegna frumvarps til breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir.

Vísað er til erindis 20. mars 2026 þar sem óskað var eftir minnisblaði vegna máls 312. á 157. löggjafarþingi er varðar atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Í erindi frá nefndinni er óskað eftir viðbrögðum stofnunarinnar við frumvarpinu ásamt athugasemdum og ábendingum ef einhverjar eru.

Frumvarp til breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar og um vinnumarkaðsaðgerðir sem nú er til meðferðar hjá Alþingi felur m.a. í sér breytingar á skilyrðum fyrir greiðslum atvinnuleysistrygginga, heimildum til upplýsingaöflunar og lögfestingu á greiðslutegundum sem hingað til hafa verið ákveðnar með reglugerð. Frumvarpið mælir einnig fyrir um einföldun á greiðslufyrirkomulagi atvinnuleysisbóta, á stjórnsýslu atvinnuleysistryggingakerfisins og á áhrif útborgun lífeyrissjóða á greiðslur atvinnuleysisbóta til hagsbóta fyrir atvinnuleitendur. Er stofnunin tilbúin að hefja innleiðingu á breytingum um leið og frumvarpið hefur verið leitt í lög. Óski Velferðarnefnd eftir því að fulltrúar Vinnumálastofnunar mæti á fund nefndarinnar til að ræða einstök efnisatriði frumvarpsins mun stofnunin að sjálfsögðu verði við slíku boði.

Rétt er að vekja athygli á því að verði frumvarpið að lögum er fyrirhuguð gildistaka þess 1. janúar 2026. Vinnumálastofnun telur nauðsynlegt að gildistími frumvarpsins taki breytingum í samræmi við afgreiðslutíma þingsins, bæði til að koma í veg fyrir afturvirkan gildistíma laganna sem og til að veita stofnuninni nægjanlegt ráðrúm til að gera nauðsynlegar breytingar á afgreiðslukerfum stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Vinnumálastofnunar

Sverrir B. Berndsen
Yfirlögfræðingur

Alþingi

Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2026
2510555 VR / 20.0/

Efni: **Umsögn VR um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.)** (mál 312, 157. Löggjafarþing 2025-2026)

VR leggur ríka áherslu á mikilvægi atvinnuleysistrygginga sem grundvallaröryggiskerfis fyrir launafólk. Réttindin eru ekki sjálfgefin heldur áunnin með þátttöku á vinnumarkaði og veita nauðsynlegt öryggi þegar til atvinnumissis kemur. Þær breytingar sem nú eru boðaðar, um styttingu bótatímabilsins úr 30 mánuðum í 18 mánuði og hert ávinnsluskilyrði, fela í sér alvarlega skerðingu á réttindum launafólks og munu veikja stöðu þeirra sem standa höllustum fæti á vinnumarkaði. Þeir hópar eru m.a. félagsfólk sem er komið yfir sextugt og félagsfólk af erlendum uppruna.

Fátæklegar greiningar liggja til grundvallar þeim breytingum sem settar eru fram í frumvarpinu, en helsta skýringin virðist vera áform um niðurskurð á útgjöldum ríkisins. VR telur gagnrýnivert að ráðist sé í slíkar breytingar á grundvallarafkomutryggingakerfi vinnumarkaðarins að því er virðist eingöngu í hagræðingarskyni fyrir afkomu ríkissjóðs. Rétt er að minna á að atvinnuleysistryggingar eru fjármagnaðar með tryggingagjaldi og ef stjórnvöld skerða réttindi á grunni þess gjalds þarf að lækka tryggingagjaldið og skila því til launafólks.

Mjög skortir á greiningu á áhrifum þessara breytinga sem og fjármögnun þeirra vinnumarkaðsaðgerða sem rætt er um að grípa eigi til. VR telur því verulega hættu á að hér sé ráðist að einum mikilvægasta öryggisþætti félagsfólks í VR á illa ígrunduðum forsendum og með ófyrirséðum afleiðingum. Hér sé byrjað á röngum enda. Sé ætlunin að bæta þjónustu við fólk í atvinnuleit er kjörið að gera það nú þegar hagkerfið kólnar hratt og atvinnuleysi eykst. Hins vegar er fráleitt að bæta þjónustu með refsistefnu og það er mjög varasamt að draga úr réttindum til atvinnuleysistrygginga á samdráttartímum. Reynslan sýnir að framboð af atvinnu minnkar hratt á samdráttarskeiðum sem ósjaldan standa lengur en 18 mánuði. Áhersla á að koma atvinnuleitenda fljótt aftur í starf er að jafnaði árangursríkasta

úrræðið til virkni. Við ákveðnar aðstæður, t.d. við litla vinnuaflseftirspurn vegna efnahagssamdráttar eða þegar ákveðið misræmi ríkir t.d. vegna hraðra tæknibreytinga, getur hins vegar verið árangursríkara að tryggja aðgengi að fjölbreyttum mennta- og færniúrræðum til að styrkja stöðu einstaklings á vinnumarkaði til lengri tíma. Það er því undarleg forgangsröðun að á sama tíma og hagkerfið kólnar hratt og notkun gervigreindar er þegar farin að breyta vinnumarkaðinum sé ætlunin að stytta bótatímabil atvinnuleysistrygginga, án þess að fyrir liggi áætlun um atvinnu- og virkniúræði.

VR minnir núverandi stjórnvöld á að samið var fyrst um atvinnuleysistryggingar árið 1955 í kjölfar harðra átaka og einhverra lengstu verkfalla sem verið hafa á vinnumarkaði. Í fyrstu var atvinnuleysistryggingasjóður í höndum verkalýðsfélaganna en síðar tóku stjórnvöld yfir sjóðinn og færðu Vinnumálastofnun sem einnig tók að sér alla umsýslu vegna hans. Þannig voru það aðilar vinnumarkaðarins sem settu kerfið á fót og hafa breytingar á því hingað til verið gerðar í samráði við þá.

VR leggur á það ríka áherslu að lengd bótatímabilsins þarf að skoðast í samhengi við þá þjónustu og þau úrræði sem til staðar eru til að aðstoða einstaklinga til að komast aftur í starf. Slíkar aðgerðir miða m.a. að því að auðvelda atvinnuleit, tryggja góðar ráðningar, efla færni og getu atvinnuleitenda og tryggja virkni þeirra. Í framkomnu frumvarpi skortir alfarið greiningar á því um hvaða aðgerðir er að ræða, áhrif og fjármögnun. Enn fremur þarf að ráðast í nánari greiningu á stöðu þeirra einstaklinga sem munu verða fyrir barðinu á þessum breytingum. Annars vegar þarf að greina vel hópinn sem er atvinnulaus lengur en í 18 mánuði og hins vegar þarf að greina hópinn sem myndi standa uppi réttindalaus vegna lengingar ávinnslutímabilsins. VR vekur athygli á árstíðabundnu atvinnuleysi í ferðaþjónustu, sem þarf að greina nánar. Innan VR er félagsfólk sem vill vera í fullu starfi árið um kring en fær aðeins fullt starf yfir háannatímann. Þess á milli ýmist missir það vinnuna eða þarf að sætta sig við skert starfshlutfall. Þetta er ábyrgðarhluti af hálfu þeirra fyrirtækja sem um ræðir og hluti þessa hóps nýtir sér réttindi í atvinnuleysistryggingasjóði vegna skerts starfshlutfalls. Ef til atvinnumissis kemur hefur þessu hópur þegar nýtt sér stóran hluta af rétti sínum og getur verið búinn að full nýta rétt sinn ef stytta á bótatímabil eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Mikilvægt er fyrir atvinnuleitendur og vinnumarkað að sá tími sem varið er án atvinnu geti nýst til uppbyggingar. Þetta á við um þekkingu og færni einstaklingsins en einnig viðhald virkni og félagstengsla sem fólk missir þegar það glatar tengslum við vinnustað sinn. Þegar atvinnuleitanda skortir þekkingu sem spurn er eftir á vinnumarkaði er mikilvægt að gott framboð sé af menntaúrræðum sem eru í takt við þá eftirspurn. Þar er brýnt að opinber vinnumiðlun, menntakerfi og fullorðinsfræðsla tryggi úrræði sem efla stöðu atvinnuleitenda. Menntaúrræði þurfa því að taka mið af samsetningu atvinnulausra, þarfa atvinnulífs og atvinnumála ólíkra landshluta. Þar er þörf á úttekt á þeim úrræðum sem atvinnuleitendum stendur til boða og hvernig árangur þeirra hefur verið. Ljóst er að skortur er á úrræðum fyrir erlenda atvinnuleitendur á öðrum tungumálum en íslensku og áfram þarf að styrkja framboð af íslenskukennslu.

VR áréttar að ráðningavernd á almennum vinnumarkaði á Íslandi er afar lítil í alþjóðlegum samanburði. Á móti hefur launafólk átt rétt á atvinnuleysistryggingum.

Þrátt fyrir að atvinnuleysi fari vaxandi er atvinnuleysi almennt lágt á Íslandi og langtímaatvinnuleysi líka. Því er ástæða til að vara við því að ráðast í illa rökstuddar breytingar á kerfi sem virkar ágætlega.

VR leggur til að frumvarpi þessu verði vísað aftur til ríkisstjórnar til nánari vinnslu og þá í samráði við verkalýðshreyfinguna, líkt og hefð er fyrir þegar um vinnumarkaðstengd réttindi er að ræða. Að þvinga í gegn breytingar á atvinnuleysistryggingum án slíks samráðs skapar hættulegt fordæmi til framtíðar.

VR óskar eftir því að fá að gera frekari grein fyrir afstöðu félagsins á fundi velferðarnefndar Alþingis.

Halla Gunnarsdóttir

Halla Gunnarsdóttir
Formaður VR

Velferðarnefnd Alþingis

18. mars 2026

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, og Eiður Stefánsson, formaður LÍV

Um VR & LÍV

- VR er langstærsta stéttarfélag landsins og Landssamband ísl. verzlunarmanna er stærsta landssambandið innan Alþýðusambands Íslands.
- VR og LÍV eru með félagsfólk um allt land – um 50 þúsund félaga.
- VR var stofnað 1891 sem félag launafólks og atvinnurekenda í verslunarstétt en hefur verið stéttarfélag launafólks eingöngu frá árinu 1955.
- LÍV var stofnað árið 1957 að frumkvæði VR og eru innan þess 10 félög og deildir verslunarfólks um allt land.

Mikilvægi atvinnuleysistrygginga

- Aðilar vinnumarkaðarins sömdu um atvinnuleysistryggingar árið 1955 í kjölfar átaka og langvinnra verkfallsaðgerða.
- Atvinnuleysistryggingar veita launafólki mikilvæga tryggingavernd við atvinnumissi.
- Réttindin eru ekki sjálfgefin heldur áunnin með þátttöku á vinnumarkaði.
- Atvinnuþátttaka á Íslandi er ein sú mesta í heiminum og engin þörf á breytingum á atvinnuleysistryggingum.

Alvarleg skerðing á réttindum launafólks

Stytting bótatímabils og hert ávinnsluskilyrði réttinda:

- Veikir stöðu þeirra sem standa höllum fæti.
    - Erlent félagsfólk.
    - Félagsfólk yfir sextugu.
    - Launafólk í ferðaþjónustu eða sveiflukenndum atvinnugreinum.
- Stuðlar ekki að aukinni virkni á vinnumarkaði.
    - Markmið breytinga er að stuðla að aukinni virkni en aukin úrræði eða fleiri vinnumarkaðsaðgerðir er ekki að finna í frumvarpinu.

Samráðsleysi og andstaða stéttarfélaga

- Frumvarpið er lagt fram í andstöðu við stéttarfélögin í landinu sem ber að gæta hagsmuna launafólks – þess hóps sem frumvarpið fjallar um.
- Frumvarpið er lagt fram án aðkomu stéttarfélaganna eða samráðs við þau sem gengur gegn áratuga venju – breytingar á vinnumarkaðstengdum réttindum hafa alltaf verið gerðar í samráði við verkalýðshreyfinguna.
- Það setur hættulegt fordæmi að þvinga í gegn slíkar breytingar.

Gallar frumvarpsins

- Atvinnuleysistryggingar eru áunnin réttindi, fjármögnuð með tryggingagjaldi. Ef skerða á atvinnuleysistryggingar ber að skila tryggingagjaldinu til launafólks.
- Mjög skortir á greiningar á áhrifum breytinganna á launafólk, atvinnugreinar og efnahagslífið í heild.
- Markmiðið virðist öðru fremur vera að ná fram sparnaði í ríkisútgjöldum.
- Refsistefna er letjandi, ekki hvetjandi.
- Ráðningavernd er afar lítil á almennum vinnumarkaði og atvinnuleysistryggingar eiga að vega þar á móti. Breytingar á þessu geta dregið úr sveigjanleika á vinnumarkaði.

Að lokum

VR leggur til að frumvarpi þessu verði vísað aftur til ríkisstjórnar til nánari vinnslu og þá í samráði við verkalýðshreyfinguna, líkt og hefð er fyrir þegar um vinnumarkaðstengd réttindi er að ræða.

Að þvinga í gegn breytingar á atvinnuleysistryggingum án slíks samráðs skapar hættulegt fordæmi til framtíðar.